



## Hér hefr Gylfaginning

### 1. Frá Gylfa konungi ok Gefjuni.

Gylfi konungr réð þar löndum er nú heitir Svíþjóð. Frá honum er þat sagt at hann gaf einni farandi konu at launum skemmtunar sinnar eitt plógsland í ríki sínu þat er fjórir öxn drægi upp dag ok nótt. En sú kona var ein af ása ætt, hon er nefnd Gefjun. Hon tók fjóra öxn norðan ór Jötunheimum, en þat váru synir jötuns nökkurs ok hennar, ok setti þá fyrir plóg, en plógrinn gekk svá breitt ok djúpt at upp leysti landit, ok drógu öxnirnir þat land út á hafit ok vestr ok namu staðar í sundi nökkuru. Þar setti Gefjun landit ok gaf nafn ok kallaði Selund. Ok þar sem landit hafði upp gengit var þar eftir vatn. Þat er nú Lögrinn kallaðr í Svíþjóð, ok liggja svá víkr í Leginum sem nes í Selundi. Svá segir Bragi skáld gamli:

1.  
Gefjun dró frá Gylfa  
glöð djúpröðul óðla,  
svá at af rennirauknum  
rauk, Danmarkar auka.  
Báru öxn ok átta  
ennitungl, þars gengu  
fyrir vineyjar víðri  
valrauf, fjögur höfuð.

### 2. Gylfi kom til Ásgarðs.

Gylfi konungr var maðr vitr ok fjölkunnigr. Hann undraðist þat mjök, er ásafólk var svá kunnigt, at allir hlutir gengu at vilja þeira. Þat hugsaði hann, hvárt þat myndi vera af eðli sjálfra þeira eða myndi því valda goðmögð þau, er þeir blótuðu. Hann byrjaði ferð sína til Ásgarðs ok fór með leynd ok brá á sik gamals manns líki ok dulðist svá. En æsir váru því vísari, at þeir höfðu spádóm, ok sá þeir ferð hans, fyrr en hann kom, ok gerðu í móti honum sjónhverfingar. Ok er hann kom inn í borgina, þá sá hann þar háva höll, svá at varla mátti hann sjá yfir hana. Þak hennar var lagt gylldum skjöldum svá sem spánþak. Svá segir Þjóðólfr inn hvinverski, at Valhöll var skjöldum þökð:

2.  
Á baki létu blíkja,  
barðir váru grjóti,  
Sváfnis salnæfrar  
seggir hyggjandi.

Gylfi sá mann í hallardurum, ok lék at handsöxum ok hafði sjau senn á lofti. Sá spurði hann fyrr at nafni. Hann nefndist Gangleri ok kominn af reiflistigum ok beiddist at sækja til náttstaðar ok spurði, hverr höllina átti.

Hann svarar, at þat var konungr þeira, --"en fylgja má ek þér at sjá hann. Skaltu þá sjálfr spyrja hann nafns," -- ok snerist sá maðr fyrir honum inn í höllina, en hann gekk eftir, ok þegar laukst hurðin á hæla honum.

Þar sá hann mörg gólf ok margt fólk, sumt með leikum, sumir drukku, sumir með vápnum ok börðust. Þá litaðist hann umb ok þótti margir hlutir ótrúligir, þeir er hann sá. Þá mælti hann:

3.  
Gáttir allar,  
áðr gangi fram,  
um skyggnask skyli,  
því at óvíst er at vita  
hvar óvinir sitja  
á fleti fyrir.

Hann sá þrjú háseti ok hvert upp frá öðru, ok sátu þrír menn sinn í hverju. Þá spurði hann, hvert nafn höfðingja þeira væri.

Sá svarar, er hann leiddi inn, at sá, er í inu neðsta háseti sat, var konungr -- "ok heitir Hárr, en þar næst sá, er heitir Jafnhárr, en sá ofast, er Þriði heitir."

Þá spyr Hárr komandann, hvárt fleira er erendi hans, en heimill er matr ok drykkir honum sem öllum þar í Háva höll. Hann segir, at fyrst vill hann spyrja, ef nokkurr er fróðr maðr inni.

Hárr segir, at hann komi eigi heill út, nema hann sé fróðari, --

4.  
"ok stattu fram,  
meðan þú fregn;  
sitja skal sá, er segir."

### 3. Um Alföðr, æðstan goða.

Gangleri hóf svá mál sitt: "Hverr er æðstr eða elztr allra goða?"

Hárr segir: "Sá heitir Alföðr at váru máli, en í Ásgarði inum forna átti hann tólf nöfn. Eitt er Alföðr, annat er Herran eða Herjan, þriðja er Nikarr eða Hnikarr, fjórða er Nikuðr eða Hnikuðr, fimmta Fjöltnir, séttá Óski, sjaunda Ómi, átta Bifliði eða Biflindi, níunda Sviðurr, tíunda Sviðrir, ellífta Viðrir, tólftha Jálgr eða Jálkr."

Þá spyr Gangleri: "Hvar er sá guð, eða hvat má hann, eða hvat hefir hann unnit framaverka?"

Hárr segir: "Lífir hann of allar aldir ok stjórna öllu ríki sínu ok ræðr öllum hlutum, stórum ok smám."

Þá mælir Jafnhárr: "Hann smíðaði himin ok jörð ok loftin ok alla eign þeira."

Þá mælti Þriði: "Hitt er þó mest, er hann gerði manninn ok gaf honum önd þá, er lífa skal ok aldri tynast, þótt líkaminn fúni at moldu eða brenni at ösku, ok skulu allir menn lífa, þeir er rétt eru síðaðir, ok vera með honum sjálfum þar sem heitir Gimlé eða Vingólf, en vándir menn fara til Heljar ok þaðan í Niflhel. Þat er niðr í inn níunda heim."

Þá mælti Gangleri: "Hvat hafðist hann áðr at en himinn ok jörð væri ger?"

Þá svarar Hárr: "Þá var hann með hrímþursum."

#### 4. Frá Niflheimi ok Múspelli.

Gangleri mælti: "Hvat var upphaf eða hversu hófst, eða hvat var áðr?"

Hárr svarar: "Svá sem segir í Völuspá:

5.  
 Ár var alda,  
 þat er ekki var,  
 var-a sandr né sær  
 né svalar unnir;  
 jörð fannsk eigi  
 né upphiminn,  
 gap var Ginnunga,  
 en gras ekki."

Þá mælti Jafnhárr: "Fyrr var þat mörgum öldum en jörð var sköpuð er Niflheimr var gerr, ok í honum miðjum liggr brúðr sá, er Hvergelmir heitir, ok þaðan af falla þær ár, er svá heita: Svöl, Gunnþrá, Fjörm, Fimbulþul, Slíðr ok Hríð, Sylgr ok Ylgr, Víð, Leiftr. Gjöll er næst Helgrindum."

Þá mælti Þriði: "Fyrst var þó sá heimr í suðrhálfu, er Múspell heitir. Hann er ljóss ok heitr. Sú átt er logandi ok brennandi. Er hann ok ófærr þeim, er þar eru útlendir ok eigi eigu þar óðul. Sá er Surtr nefndr, er þar sitr á landsenda til landvarnar. Hann hefir loganda sverð, ok í enda veraldar mun hann fara ok herja ok sigra öll goðin ok brenna allan heim með eldi. Svá segir í Völuspá:

6.  
 Surtr ferr sunnan  
 með sviga lævi,  
 skínn af sverði  
 sól valtíva;  
 grjótbjörg gnata,  
 en gífr rata,  
 troða halir helveg,  
 en himinn klofnar."

#### 5. Upphaf Ymis ok hrímþursa.

Gangleri mælti: "Hversu skipaðist, áðr en ættirnar yrði eða aukaðist mannfólkit?"

Þá mælti Hárr: "Ár þær, er kallaðar eru Élivágar, þá er þær váru svá langt komnar frá uppsprettum, at eitrkvika sú, er þar fylgði, harðnaði svá sem sindr þat, er renn ór eldinum, þá varð þat íss. Ok þá er sá íss gaf staðar ok rann eigi, þá hélði yfir þannig, en úr þat, er af stóð eitrunu, fraus at hrími, ok jók hrímit hvert yfir annat allt í Ginnungagap."

Þá mælti Jafnhárr: "Ginnungagap, þat er vissi til norðrættar, fylltist með þunga ok höfugleik íss ok hríms ok inn í frá úr ok gustr, en inn syðri hlutr Ginnungagaps léttist mót gneistum ok síum þeim, er flugu ór Múspellsheimi."

Þá mælti Þriði: "Svá sem kalt stóð af Niflheimi ok allir hlutir grimmir, svá var allt þat, er vissi námunda Múspelli, heitt ok ljóst, en Ginnungagap var svá hlætt sem loft vindlaust. Ok þá er mættist hrímin ok blær hitans, svá at bráðnaði ok draup, ok af þeim kvikudropum kviknaði með krafti þess, er til sendi hitann, ok varð manns líkandi, ok var sá nefndr Ymir, en hrímþursar kalla hann Aurgelmi, ok eru þaðan komnar ættir hrímþursa, svá sem segir í Völuspá inni skömmu:

7.  
 Eru völu allar  
 frá Viðolfi,  
 vitkar allir  
 frá Vilmeiði,  
 en seiðberendr  
 frá Svarthöfða,  
 jötnar allir  
 frá Ymi komnir.

En hér segir svá Vafþrúðnir jötunn:

8.  
 Ór Élivágum  
 stukku eitrdropar  
 ok óx, unz ór varð jötunn;

þar órar ættir  
kómu allar saman;  
því er þat æ allt til atalt."

Þá mælti Gangleri: "Hvernig óxu ættir þaðan eða skapaðist svá, at fleiri menn urðu, eða trúir þú þann guð, er nú sagðir þú frá?"  
Þá svarar Hárr: "Fyr engan mun játum vér hann guð. Hann er illr ok allir hans ættmenn. Þá köllum vér hrímpursa. En svá er sagt, at þá er hann svaf, fekk hann sveita. Þá óx undir vinstri hendi honum maðr ok kona, ok annarr fótr hans gat son við öðrum, en þaðan af kómu ættir. Þat eru hrímpursar. Inn gamli hrímpurs, hann köllum vér Ymi."

## 6. Frá Auðhumlu ok upphafi Óðins.

Þá mælti Gangleri: "Hvar byggði Ymir, eða við hvat lifði hann?"  
Hárr svarar: "Næst var þat, þá er hrímit draup, at þar varð af kýr sú, er Auðhumla hét, en fjórar mjólkár runnu ór spenum hennar, ok fæddi hon Ymi."

Þá mælti Gangleri: "Við hvat fæddist kýrin?"  
Hárr svarar: "Hon sleikði hrímsteinana, er saltir váru, ok inn fyrsta dag, er hon sleikði steinana, kom ór steininum at kveldi manns hárr, annan dag manns höfuð, þriðja dag var þar allr maðr. Sá er nefndr Búri. Hann var fagr álitum, mikill ok máttugr. Hann gat son þann, er Borr hét, hann fekk þeirar konu, er Bestla hét, dóttir Bölþorns jötuns, ok fengu þau þrjá sonu. Hét einn Óðinn, annarr Vili, þriðri Vé, ok þat er mín trúa, at sá Óðinn ok hans bræðr munu vera stýrandi himins ok jarðar. Þat ætlum vér, at hann myni svá heita. Svá heitir sá maðr, er vér vitum mestan ok ágæztan, ok vel meguð þér hann láta svá heita."

## 7. Dráp Ymis ok frá Bergelmi.

Þá mælti Gangleri: "Hvat varð þá um þeira sætt, eða hvárir váru ríkari?"  
Þá svarar Hárr: "Synir Bors drápu Ymi jötun, en er hann féll, þá hljóp svá mikil blóð ór sárum hans, at með því drekkðu þeir allri ætt hrímpursa, nema einn komst undan með sínu hýski. Hann kalla jötnar Bergelmi. Hann fór upp á lúðr sinn ok kona hans ok helzt þar, ok eru af þeim komnar hrímpursa ættir, svá sem hér segir:

9.  
Örófi vetra  
áðr væri jörð of sköpuð,  
þá var Bergelmir borinn;  
þat ek fyrst of man,  
er sá inn fróði jötunn  
á var lúðr of lagiðr."

## 8. Borssynir skópu jörð ok himinn.

Þá segir Gangleri: "Hvat höfðust þá at Bors synir, ef þú trúir at þeir sé goð?"  
Hárr segir: "Eigi er þar lítit af at segja. Þeir tóku Ymi ok fluttu í mitt Ginnungagap ok gerðu af honum jörðina, af blóði hans sæinn ok vötnin. Jörðin var ger af holdinu, en björgin af beinum. Grjót ok urðir gerðu þeir af tönnum ok jöxlum ok af þeim beinum, er brotin váru."

Þá mælti Jafnhárr: "Af því blóði, er ór sárum rann ok laust fór, þar af gerðu þeir sjá, þann er þeir gerðu ok festu saman jörðina ok lögðu þann sjá í hring útan um hana, ok mun þat flestum manni ófæra þykkja at komast þar yfir."  
Þá mælti Þriði: "Tóku þeir ok haus hans ok gerðu þar af himin ok settu hann upp yfir jörðina með fjórum skautum, ok undir hvert horn settu þeir dverg. Þeir heita svá: Austri, Vestri, Norðri, Suðri. Þá tóku þeir síur ok gneista þá, er lausir fóru ok kastat hafði ór Múspellshæimi, ok settu á mitt Ginnungap á himin bæði ofan ok neðan til at lýsa himin ok jörð. Þeir gáfu staðar öllum eldingum, sumum á himni, sumar fóru lausar undir himni, ok settu þó þeim stað ok skipuðu göngu þeim. Svá er sagt í fornum vísendum, at þaðan af váru dægr greind ok áratat. Svá sem segir í Völuspá:

10.  
Sól þat né vissi,  
hvar hon sali átti,  
máni þat né vissi,  
hvat hann megins átti,  
stjörnur þat né vissu,  
hvar þær staði áttu.

Svá var áðr en þetta væri."  
Þá mælti Gangleri: "Þetta eru mikil tíðendi, er nú heyri ek. Furðumikil smíð er þat ok hagliga ger. Hvernig var jörðin háttuð?"  
Þá svarar Hárr: "Hon er kringlótt útan, ok þar útan um liggir inn djúpi sjár, ok með þeiri sjávarströndu gáfu þeir lönd til byggðar jötna ættum. En fyrir innan á jörðinni gerðu þeir borg umhverfis heim fyrir ófriði jötna, en til þeirar borgar höfðu þeir brár Ymis jötuns ok kölluðu þá borg Miðgarð. Þeir tóku ok heila hans ok köstuðu á loft ok gerðu af skýin, svá sem hér segir:

11.  
Ór Ymis holdi  
var jörð of sköpuð,  
en ór sveita sær,  
björg ór beinum,  
baðmr ór hári,  
en ór hausi himinn.

En ór hans brám

gerðu blíð regin  
Miðgarð manna sonum,  
en ór hans heila  
váru þau in harðmóðgu  
ský öll af sköpuð."

### 9. Borssynir skópu Ask ok Emblu.

Þá mælti Gangleri: "Mikit þótti mér þeir hafa þá snúit til leiðar, er jörð ok himinn var gert ok sól ok himintungl váru sett ok skipt dægurum, ok hvaðan kómu mennirnir, þeir er heim byggja?"

Þá mælti Hárr: "Þá er þeir gengu með sævarströndu Borssynir, fundu þeir tré tvau ok tóku upp trén ok sköpuðu af menn. Gaf inn fyrsti önd ok líf, annarr vit ok hræring, þriðji ásjónu, mál ok heyrn ok sjón, gáfu þeim klæði ok nöfn. Hét karlmaðrinn Askr, en konan Embla, ok ólst þaðan af mannkindin, sú er byggðin var gefinn undir Miðgarði. Þar næst gerðu þeir sér borg í miðjum heimi, er kölluð er Ásgarðr. Þat köllum vér Trója. Þar byggðu goðin ok ættir þeira, ok gerðust þaðan af mörg tíðendi ok greinir bæði á jörðu ok í lofti. Þar er einn staðr, er Hliðskjálf heitir, ok þá er Óðinn settist þar í háseti, þá sá hann of alla heima ok hvers manns athæfi ok vissi alla hluti, þá er hann sá. Kona hans hét Frigg Fjörgvinsdóttir, ok af þeira ætt er sú kynslóð komin, er vér köllum ása ættir, er byggt hafa Ásgarð inn forna ok þau ríki, er þar liggja til, ok er þat allt goðkunnug ætt. Ok fyrir því má hann heita Alföðr, at hann er faðir allra goðanna ok manna ok alls þess, er af honum ok hans krafti var fullgert. Jörðin var dóttir hans ok kona hans. Af henni gerði hann inn fyrsta soninn, en þat er Ása-Þórr. Honum fylgði afl ok sterkleikr. Þar af sigrar hann öll kvikvendi.

### 10. Tilkvama Dags ok Nætr.

Nörfi eða Narfi hét jötunn, er byggði í Jötunheimum. Hann átti dóttur, er Nótt hét. Hon var svört ok dökk, sem hon átti ætt til. Hon var gift þeim manni, er Naglfari hét. Þeira sonr hét Auðr. Því næst var hon gift þeim, er Ánarr hét. Jörð hét þeira dóttir. Síðast átti hana Dellingr, ok var hann ása ættar. Var þeira sonr Dagr. Var hann ljóss ok fagr eftir faðerni sínu. Þá tók Alföðr Nótt ok Dag, son hennar, ok gaf þeim tvá hesta ok tvær kerrur ok sendi þau upp á himin, at þau skulu ríða á hverjum tveim dægurum umhverfis jörðina. Ríðr Nótt fyrri þeim hesti, er kallaðr er Hrímfaxi, ok at morgni hverjum döggevur hann jörðina af méldropum sínum. Sá hestr, er Dagr á, heitir Skinfaxi, ok lýsir allt loft ok jörðina af faxi hans."

### 11. Frá Sól ok Mána.

Þá mælti Gangleri: "Hversu stýrir hann gang sólar eða tungls?"

Hárr segir: "Sá maðr er nefndr Mundilfari, er átti tvau börn. Þau váru svá fögr ok fríð, at hann kallaði son sinn Mána, en dóttur sína Sól ok gifti hana þeim manni, er Glenr hét. En goðin reiddust þessu ofdrambi ok tóku þau systkin ok settu upp á himin, létu Sól keyra þá hesta, er drógu kerru sólarinnar, þeirar er goðin höfðu skapat til at lýsa heimana af þeiri síu, er flaug ór Múspellsheimi. Þeir hestar heita svá, Árvakr ok Alsviðr, en undir bógum hestanna settu goðin tvá vindbelgi at kæla þá, en í sumum fræðum er þat kallat ísarnkol. Máni stýrir göngu tungls ok ræðr nýjum ok niðum. Hann tók tvau börn af jörðinni, er svá heita, Bil ok Hjúki, er þau gengu frá brunni þeim er, Byrgir heitir, ok báru á öxlum sér sá, er heitir Sægr, en stöngin Simul. Viðfinnr er nefndr faðir þeira. Þessi börn fylgja Mána, svá sem sjá má af jörðu."

### 12. Frá úlfakreppu Sólar.

Þá mælti Gangleri: "Skjótt ferr sólin ok nær svá sem hon sé hrædd, ok eigi myndi hon þá meir hvata göngunni, at hon hræddist bana sinn."

Þá svarar Hárr: "Eigi er þat undarligt, at hon fari ákafliga. Nær gengr sá, er hana sækir, ok engan útveg á hon nema renna undan."

Þá mælti Gangleri: "Hverr er sá, er henni gerir þann ómaka?"

Hárr segir: "Þat eru tveir úlfar, ok heitir sá, er eftir henni ferr, Skoll. Hann hræðist hon, ok hann mun taka hana. En sá heitir Hati Hróðvitnisson, er fyrir henni hleypr, ok vill hann taka tunglit, ok svá mun verða."

Þá mælti Gangleri: "Hverr er ætt úlfanna?"

Hárr segir: "Gýgr ein býr fyrir austan Miðgarð í þeim skógi, er Járnviðr heitir. Í þeim skógi byggja þær tröllkonur, er Járnviðjur heita. In gamla gýgr faðir at sonum marga jötna ok alla í vargs líkjum, ok þaðan af eru komnir þessir úlfar. Ok svá er sagt, at af ættinni verðr sá einna máttkastr, er kallaðr er Mánagarmr. Hann fyllist með fjörvi allra þeira manna, er deyja, ok hann gleypir tungl, en stökkvir blóði himin ok loft öll. Þaðan tynir sól skini sínu, ok vindar eru þá ókyrrir ok gnýja heðan ok handan. Svá segir í Völuspá:

13.  
Austr býr in aldna  
í Járnviði  
ok faðir þar  
Fenris kindir;  
verðr af þeim öllum  
einna nökkurr  
tungls tjúgari  
í trolls hami.

14.  
Fyllisk fjörvi  
feigra manna,  
rýðr ragna sjöt  
rauðum dreyra;  
svört verða sólskin  
um sumur eftir,  
veðr öll válynd.  
Vituð ér enn - eða hvað?"

**13. Um Bifröst.**

Þá mælti Gangleri: "Hver er leið til himins af jörðu?"

Þá svarar Hárr ok hló við: "Eigi er nú fróðliga spurt. Er þér eigi sagt þat, er goðin gerðu brú af jörðu til himins, er heitir Bifröst? Hana muntu sét hafa. Kann vera, at þat kallir þú regnboga. Hon er með þrimr litum ok mjök sterk ok ger með list ok kunnáttu meiri en aðrar smíðir. En svá sterk sem hon er, þá mun hon brotna, þá er Múspellsmegir fara ok ríða hana, ok svima hestar þeira yfir stórar ár. Svá koma þeir fram."

Þá mælti Gangleri: "Eigi þótti mér goðin gera af trúnaði brúna, ef hon skal brotna mega, er þau megu þó gera sem þau vilja."

Þá mælti Hárr: "Eigi eru goðin hallmælis verð af þessi smíð. Góð brú er Bifröst, en enginn hlutr er sá í þessum heimi er sér megi treystast, þá er Múspellssynir herja."

**14. Um bústaði goða ok upphaf dverga.**

Þá mælti Gangleri: "Hvat hafðist Alföðr þá at, er gerr var Ásgarðr?"

Hárr mælti: "Í upphafi setti hann stjórnarmenn í sæti ok beiddi þá at dæma með sér örlög manna ok ráða um skipun borgarinnar. Þat var þar, sem heitir Íðavöllur í miðri borginni. Var þat hið fyrsta þeira verk at gera hof þat, er sæti þeira tólf standa í önnur en hásetit, þat er Alföðr á. Þat hús er bezt gert á jörðu ok mest. Allt er þat útan ok innan svá sem gull eitt. Í þeim stað kalla menn Gladsheim. Annan sal gerðu þeir. Þat var hörgr, er gyðjurnar áttu, ok var hann allfagr. Þat hús kalla menn Vingólf. Þar næst gerðu þeir hús, er þeir lögðu afla í, ok þar til gerðu þeir hamar ok tóng ok steðja ok þaðan af öll tól önnur. Ok því næst smíðuðu þeir málm ok stein ok tré ok svá gnógliga þann málm, er gull heitir, at öll búsgögn ok öll reiðigögn höfðu þeir af gulli, ok er sú öld kölluð gullaldr, áðr en spilltist af tilkvámu kvinnanna. Þær kómu ór Jötunheimum. Þar næst settust goðin upp í sæti sín ok réttu dóma sína ok minntust, hvaðan dvergar höfðu kviknat í moldinni ok niðri í jörðinni, svá sem maðkar í holdi. Dvergarnir höfðu skipazt fyrst ok tekit kviknun í holdi Ymis ok váru þá maðkar, en af atkvæðum goðanna urðu þeir vitandi mannvits ok höfðu manns líki ok búa þó í jörðu ok í steinum. Móðsognir var æðstr ok annarr Durinn. Svá segir í Völuspá:

15.  
Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk,  
hverr skyldi dverga  
drótt of skepja  
ór brimi blóðgu  
ok ór Bláins leggjum.

16.  
Þar mannlíkun  
mörg of gerðusk,  
dvergar í jörðu,  
sem Durinn sagði.

Ok þessi segir hon nöfn þeira dverganna:

17.  
Nýi, Niði,  
Norðri, Suðri,  
Austri, Vestri,  
Alþjófr, Dvalinn,  
Nár, Náinn,  
Nípingr, Dáinn,  
Bífurr, Báfurr,  
Bömburr, Nóri,  
Óri, Ónarr,  
Óinn, Mjödvitnir.

18.  
Viggr ok Gandalfr,  
Vindalfr, Þorinn,  
Fíli, Kíli,  
Fundinn, Váli,  
Prór, Þróinn,  
Þekkr, Littr ok Vittr,  
Nýr, Nýráðr,  
Rekk, Ráðsviðr.

En þessir eru ok dvergar ok búa í steinum, en inir fyrri í moldu:

19.  
Draupnir, Dolgþvari,  
Hárr, Hugstari,  
Hleðjolftr, Glóinn,  
Dóri, Óri,  
Dúfr, Andvari,

Heftifili,  
Hárr, Svíarr.

En þessir kómu frá Svarinshaugi til Aurvanga á Jöruvöllu, ok er kominn þaðan Lofarr. Þessi eru nöfn þeira:

20.  
Skirfir, Vífir,  
Skáfiðr, Ái,  
Alfr, Yngvi,  
Eikinskjalði,  
Falr, Frosti,  
Fiðr, Ginnarr."

### 15. Frá askinum, Urðarbrunni ok nornum.

Þá mælti Gangleri: "Hvar er höfuðstaðrinn eða helgistaðrinn goðanna?"

Hárr svarar: "Þat er at aski Yggdrasils. Þar skulu goðin eiga dóma sína hvern dag."

Þá mælti Gangleri: "Hvat er at segja frá þeim stað?"

Þá segir Jafnhárr: "Askinn er allra trjá mestr ok beztr. Limar hans dreifast um heim allan ok standa yfir himni. Þrjár rætr trésins halda því upp ok standa afarbreitt. Ein er með ásum, en önnur með hrímþursum, þar sem forðum var Ginnungagap. In þriðja stendr yfir Niflheimi, ok undir þeiri rót er Hvergelmir, en Níðhöggr gnagar neðan rótina. En undir þeiri rót, er til hrímþursa horfir, þar er Mímisbrunnr, er spekð ok mannvit er í fólgit, ok heitir sá Mímir, er á brunnninn. Hann er fullr af vísendum, fyrir því at hann drekkur ór brunnninum af horninu Gjallarhorni. Þar kom Alföðr ok beiddist eins drykkjar af brunnninum, en hann fekk eigi, fyrr en hann lagði auga sitt at veði. Svá segir í Völuspá:

21.  
Allt veit ek, Óðinn,  
hvar þú auga falt,  
í þeim inum mæra  
Mímisbrunni.  
Drekkur mjöd Mímir  
morgin hverjan  
af veði Valföðrs.  
Vituð ér enn - eða hvat?

Þriðja rót asksins stendr á himni, ok undir þeiri rót er brunnr sá, er mjök er heilagr, er heitir Urðarbrunnr. Þar eiga goðin dómstað sinn. Hvern dag ríða æsir þangat upp um Bifröst. Hon heitir ok ásbrú. Hestar ásanna heita svá: Sleipnir er baztr, hann á Óðinn. Hann hefir átta fætr. Annar er Glaðr, þriði Gyllir, fjórði Glenr, fimmti Skeiðbrimir, sétti Silfrintoppr, sjaundi Sinir, átti Gísl, níundi Falhófnir, tíundi Gulltoppr, ellifti Léttfeti. Baldrs hestr var brenndr með honum, en Þórr gengr til dómsins ok veðr ár þær, er svá heita:

22.  
Körmt ok Örrmt  
ok Kerlaugar tvær,  
þær skal Þórr vaða  
dag hvern,  
er hann dæma ferr  
at aski Yggdrasils,  
því at ásbrú  
brenn öll loga,  
heilög vötn hlóa."

Þá mælti Gangleri: "Brenn eldr yfir Bifröst?"

Hárr segir: "Þat, er þú sér rautt í boganum, er eldr brennandi. Upp á himin mundu ganga hrímþursar ok bergrisar, ef öllum væri fært á Bifröst, þeim er fara vilja. Margir staðir eru á himni fagrir, ok er þar allt guðlig vörn fyrir. Þar stendr salr einn fagr undir askinum við brunnninn, ok ór þeim sal koma þrjár meyjar, þær er svá heita: Urðr, Verðandi, Skuld. Þessar meyjar skapa mönnum aldr. Þær köllum vér nornir. Enn eru fleiri nornir, þær er koma til hvers barns, er borit er, at skapa aldr, ok eru þessar goðkunnigar, en aðrar álfa ættar, en inar þriðju dvergja ættar, svá sem hér segir:

23.  
Sundrbornar mjök  
segi ek nornir vera,  
eigu-t þær ætt saman;  
sumar eru áskunngar,  
sumar eru alfkunngar,  
sumar dætr Dvalins."

Þá mælti Gangleri: "Ef nornir ráða örlögum manna, þá skipta þær geysi ójafnt, er sumir hafa gott líf ok ríkuligt, en sumir hafa lítit lén eða lof, sumir langt líf, sumir skammt."

Hárr segir: "Góðar nornir ok vel ættaðar skapa góðan aldr, en þeir menn, er fyrir ósköpum verða, þá valda því illar nornir."

### 16. Enn frá askinum

Þá mælti Gangleri: "Hvat er fleira at segja stórmerkja frá askinum?"

Hárr segir: "Margt er þar af at segja. Örn einn sitr í limum asksins, ok er hann margs vitandi, en í milli augna honum sitr haukr, sá er heitir Veðrfölnir. Íkorni sá, er heitir Ratatoskr, renn upp ok niðr eftir askinum ok berr öfundarorð milli arnarins ok Níðhögg, en fjórir hirtir renna í limum asksins ok bíta barr. Þeir heita svá: Dáinn, Dvalinn, Duneyrr, Duraþrór. En svá margir ormar eru í Hvergelmi með Níðhögg, at engi tunga má telja. Svá segir hér:

24.  
Askr Yggdrasils  
drýgir erfiði  
meira en menn viti;  
hjörtr bítr ofan,  
en á hliðu fúnar,  
skerðir Níðhögg neðan.

Svá er enn sagt:

25.  
Ormar fleiri liggja  
und aski Yggdrasils  
en þat of hyggi hverr ósviðra apa.  
Góinn ok Móinn,  
þeir eru Grafvitnis synir,  
Grábakr ok Grafvölluðr,  
Ófnir ok Sváfnir,  
hygg ek, at æ myni  
meiðs kvistum má.

Enn er þat sagt, at nornir þær, er byggja við Urðarbrunn, taka hvern dag vatn í brunninum ok með aurinn þann, er liggr um brunninn, ok ausa upp yfir askinn, til þess at eigi skuli limar hans tréna eða fúna. En þat vatn er svá heilagt, at allir hlutir, þeir er þar koma í brunninn, verða svá hvítir sem hinna sú, er skjall heitir, er innan liggr við eggskurn, svá sem hér segir:

26.  
Ask veit ek ausinn,  
heitir Yggdrasill,  
hárr baðmr, heilagr,  
hvíta auri;  
þaðan koma döggar,  
er í dali falla;  
stendr hann æ yfir grænn  
Urðarbrunni.

Sú döggr, er þaðan af fellr á jörðina, þat kalla menn hunangfall, ok þar af fæðast býflugur. Fuglar tveir fæðast í Urðarbrunni. Þeir heita svanir, ok af þeim fuglum hefir komit þat fuglakyn, er svá heitir."

## 17. Höfuðstaðir goðanna

Þá mælti Gangleri: "Mikil tíðendi kannt þú at segja af himninum. Hvat er þar fleira höfuðstaða en at Urðarbrunni?"

Hárr segir: "Margir staðir eru þar göfugligir. Sá er einn staðr þar, er kallaðr er Álfheimr. Þar byggvir fólk þat, er Ljósálfar heita, en Dökkálfar búa niðri í jörðu, ok eru þeir ólíkir þeim sýnum ok miklu ólíkari reyndum. Ljósálfar eru fegri en sól sýnum, en Dökkálfar eru svartari en bik. Þar er einn sá staðr, er Breiðablik er kallaðr, ok engi er þar fegri staðr. Þar er ok sá, er Glitnir heitir, ok eru veggir hans ok steðr allar ok stólpar af rauðu gulli, en þak hans af silfri. Þar er enn sá staðr, er Himinbjörg heita. Sá stendr á himins enda við brúarsporð, þar er Bifröst kemr til himins. Þar er enn mikill staðr, er Valaskjálf heitir. Þann stað á Óðinn. Þann gerðu goðin ok þökðu skíru silfri, ok þar er Hliðskjálfinn í þessum sal, þat háseti, er svá heitir, ok þá er Alföðr sitr í því sæti, þá sér hann of alla heima. Á sunnanverðum himins enda er sá salr, er allra er fegrstr ok bjartari en sólin, er Gimlé heitir. Hann skal standa, þá er bæði himinn ok jörð hefir farizt, ok byggja þann stað góðir menn ok réttlátir of allar aldir. Svá segir í Völuspá:

27.  
Sal veit ek standa  
sólu fegra,  
gulli þakðan,  
á Gimlé;  
þar skulu dyggvar  
dróttir byggva  
ok um aldrdaga  
yndis njóta."

Þá mælti Gangleri: "Hvat gætir þess staðar, þá er Surtalogi brennir himin ok jörð?"

Hárr segir: "Svá er sagt, at annarr himinn sé suðr ok upp frá þessum himni, ok heitir sá Andlangr, en inn þriði himinn sé enn upp frá þeim, ok heitir sá Víðbláinn, ok á þeim himni hyggjum vér þenna stað vera. En Ljósálfar einir, hyggjum vér, at nú byggvi þá staði."

## 18. Um uppruna vindsins.

Þá mælti Gangleri: "Hvaðan kemr vindr? Hann er sterkr, svá at hann hrærir stór höf, ok hann æsir eld. En svá sterkr sem hann er, þá má eigi sjá hann, því er hann undarlíga skapaðr."

Þá mælti Hárr: "Þat kann ek vel segja þér. Á norðanverðum himins enda sitr jötunn sá, er Hræsvelgr heitir. Hann hefir arnarham, en er hann beinir flug, þá standa vindar undan vængjum hans. Hér segir svá:

28.  
Hræsvelgr heitir,  
er sitr á himins enda,  
jötunn í arnar ham;  
af hans vængjum  
kveða vind koma  
alla menn yfir."

#### 19. Um mismun Sumars ok Vettrar.

Þá mælti Gangleri: "Hví skilr svá mikit, at sumar skal vera heitt, en vetr kaldr?"

Hárr segir: "Eigi mundi svá fróðr maðr spyrja, því at þetta vitu allir at segja. En ef þú einn ert orðinn svá fávíss, at eigi hefir þetta heyrt, þá vil ek þó þat vel virða, at heldr spyrir þú eitt sinn ófróðliga en þú gangir lengr duliðr þess, er skylt er at vita. Svásuðr heitir sá, er faðir Sumars er, ok er hann svá sællífr, svá at af hans heiti er þat kallat svásligt, er blítt er. En faðir Vettrar er ýmist kallaðr Vindlóni eða Vindsvalr. Hann er Vásaðar son, ok váru þeir áttungar grimmir ok svalbrjóstaðir, ok hefir Vetr þeira skaplyndi."

#### 20. Frá Óðni ok nöfnum hans.

Þá mælti Gangleri: "Hverjir eru æsir, þeir er mönnum er skylt at trúa á?"

Hárr segir: "Tólf eru æsir goðkunnigir."

Þá mælti Jafnhárr: "Eigi eru ásynjurnar óhelgari, ok eigi megu þær minna."

Þá mælti Þriði: "Óðinn er æðstr ok elztr ásanna. Hann ræðr öllum hlutum, ok svá sem önnur goðin eru máttug, þá þjóna honum öll svá sem börn föður, en Frigg er kona hans, ok veit hon örlög manna, þótt hon segi eigi spár, svá sem hér er sagt, at Óðinn mælti sjálfr við þann ás, er Loki heitir:

29.  
Ærr ertu, Loki,  
ok örviti,  
hví né lezk-a þú, Loki?  
Örlög Frigg,  
hygg ek, at öll viti,  
þótt hon sjalfgi segi.

Óðinn heitir Alföðr, því at hann er faðir allra goða. Hann heitir ok Valföðr, því at hans óskasynir eru allir þeir, er í val falla. Þeim skipar hann Valhöll ok Vingólf, ok heita þeir þá Einherjar. Hann heitir ok Hangaguð ok Haftaguð, Farmaguð, ok enn hefir hann nefnt á fleiri vega, þá er hann var kominn til Geirróðar konungs:

30.  
Hétumk Grímr  
ok Gangleri,  
Herjann, Hjalmberi,  
Þekkr, Þriði,  
Þuðr, Uðr,  
Helblindi, Hárr,

31.  
Saðr, Svipall,  
Sanngetall,  
Herteitr, Hnikarr,  
Bileygr, Báleygr,  
Bölverkr, Fjölnir,  
Grímnir, Glapsviðr, Fjölsviðr,

Síðhötr, Síðskeggr,  
Sigföðr, Hnikuðr,  
Alföðr, Atríðr, Farmatýr,  
Óski, Ómi,  
Jafnhárr, Biflindi,  
Göndli, Hárbarðr,  
Sviðurr, Sviðrir,  
Jalkr, Kjalarr, Viðurr,  
Prór, Yggr, Þundr,  
Vakr, Skilfingr,  
Váfuðr, Hroftatýr,  
Gautr, Veratýr."

Þá mælti Gangleri: "Geysimörg heiti hafit þér gefit honum, ok þat veit trúa mín, at þat mun vera mikill fróðleikr, sá er hér kann skyn ok dæmi, hverir atburðir hafa orðit sér til hvers þessa nafns."

Þá segir Hárr: "Mikil skynsemi er at rifja þat vandliga upp, en þó er þér þat skjótast at segja, at flest heiti hafa verit gefin af þeim atburð, at svá margar sem eru greinir tungnanna í veröldinni, þá þykkjast allar þjóðir þurfa at breyta nafni hans til sinnar tungu til ákalls ok bæna fyrir sjálfum sér, en sumir atburðir til þessa heita hafa gerzt í ferðum hans, ok er þat fært í frásagnir, ok muntu eigi mega fróðr maðr heita, ef þú skalt eigi kunna segja frá þeim stórtíðendum."

## 21. Frá Ása-Þórr.

Þá mælti Gangleri: "Hver eru nöfn annarra ásanna, eða hvat hafast þeir at, eða hvat hafa þeir gert til frama?"

Hárr segir: "Þórr er þeira framast, sá er kallaðr er Ása-Þórr eða Öku-Þórr. Hann er sterkastr allra goðanna ok manna. Hann á þar ríki, er Þrúðvangar heita, en höll hans heitir Bilskirnir. Í þeim sal eru fimm hundruð gólfa ok fjórir tigr. Þat er hús mest, svá at menn viti. Svá segir í Grímnismálum:

33.  
Fimm hundruð gólfa  
ok umb fjórum tögum,  
svá hygg ek Bilskirmi með bugum;  
ranna þeira,  
er ek reft vita,  
míns veit ek mest magar.

Þórr á hafra tvá, er svá heita: Tanngnjóstr ok Tanngrisnir, ok reið þá, er hann ekr, en hafrarnir draga reiðna. Því er hann kallaðr Öku-Þórr. Hann á ok þrjá kostgripi. Einn þeira er hamarrinn Mjöllnir, er hrímþursar ok bergrisar kenna, þá er hann kemr á loft, ok er þat eigi undarligt. Hann hefir lamit margan haus á feðrum eða frændum þeira. Annan grip á hann beztan, megingjardar, ok er hann spennir þeim um sik, þá vex honum ásmegin hálfu. Inn þriðja hlut á hann, þann er mikill grip er í. Þat eru járnglófar. Þeira má hann eigi missa við hamarskaftit. En engi er svá fróðr, at telja kunni öll stórvirki hans, en segja kann ek þér svá mörg tíðendi frá honum, at dveljast munu stundirnar, áðr en sagt er allt, þat er ek veit."

## 22. Frá Baldri.

Þá mælti Gangleri: "Spyrja vil ek tíðenda af fleirum ásunum."

Hárr segir: "Annarr sonr Óðins er Baldr, ok er frá honum gott at segja. Hann er beztr, ok hann lofa allir. Hann er svá fagr álitum ok bjarrt, svá at lýsir af honum, ok eitt gras er svá hvítt, at jafnat er til Baldrs brár. Þat er allra grasa hvítast, ok þar eftir máttu marka feгурð hans bæði á háir ok á líki. Hann er vitrastr ásanna ok fegrst talaðr ok líknsamastr, en sú náttúra fylgir honum, at engi má haldast dómr hans. Hann býr þar, sem heitir Breiðablik. Þat er á himni. Í þeim stað má ekki vera óhreint, svá sem hér segir:

34.  
Breiðablik heita,  
þar er Baldr hefir  
sér of görva sali,  
á því landi,  
er ek liggja veit  
fæsta feiknstafti.

## 23. Frá Nirði ok Skaða.

Inn þriði áss er sá, er kallaðr er Njörðr. Hann býr á himni, þar sem heitir Nóatún. Hann ræðr fyrir göngu vinds ok stillir sjá ok eld. Á hann skal heita til sæfara ok til veiða. Hann er svá auðigr ok fésæll, at hann má gefa þeim auð landa eða lausafjár. Á hann skal til þess heita. Eigi er Njörðr ása ættar. Hann var upp fæddr í Vanaheimi, en Vanir gísluðu hann goðunum ok tóku í mót at gíslingu þann, er Hæmir heitir. Hann varð at sætt með goðum ok Vönum. Njörðr á þá konu, er Skaði heitir, dóttir Þjaza jötuns. Skaði vill hafa bústað þann, er átt hafði faðir hennar, þat er á fjöllum nökkurum, þar sem heitir Prymheimr, en Njörðr vill vera nær sæ. Þau sættust á þat, at þau skyldu vera níu nætr í Prymheimi, en þá aðrar níu at Nóatúnum. En er Njörðr kom aftr til Nóatúna af fjallinu, þá kvað hann þetta:

35.  
Leið erumk fjöll,  
vark-a ek lengi á,  
nætr einar níu;  
ulfa þytr  
mér þótti illr vera  
hjá söngvi svana.

Þá kvað Skaði þetta:

36.  
Sofa ek né máttak  
sævar beðjum á  
fugls jarmi fyrir;  
sá mik vegr,  
er af víði kemr,  
morgin hverjan már.

Þá fór Skaði upp á fjall ok byggði í Prymheimi, ok ferr hon mjök á skíðum ok með boga ok skýtr dýr. Hon heitir öndurgoð eða öndurdís. Svá er sagt:

37.  
 Prymheimr heitir,  
 er Þjazi bjó,  
 sá inn ámáttki jötunn;  
 en nú Skaði byggvir,  
 skír brúðr goða,  
 fornar toftir föður.

#### 24. Frá Frey ok Freyju.

Njörðr í Nóatúnum gat síðan tvau börn. Hét annat Freyr, en dóttir Freyja. Þau váru fögr álitum ok máttug. Freyr er inn ágætasti af ásum. Hann ræðr fyrir regni ok skini sólar ok þar með ávexti jarðar, ok á hann er gott at heita til árs ok friðar. Hann ræðr ok fésælu manna. En Freyja er ágætust af ásynjum. Hon á þann bæ á himni, er Fólkvangr heitir. Ok hvar sem hon ríðr til vígs, þá á hon hálfan val, en hálfan Óðinn, svá sem hér segir:

38.  
 Fólkvangr heitir,  
 en þar Freyja ræðr  
 sessa kostum í sal;  
 hálfan val  
 hon kýss hverjan dag,  
 en hálfan Óðinn á.

Salr hennar Sessrúmnir, hann er mikill ok fagr. En er hon ferr, þá ekr hon köttum tveim ok sitr í reið. Hon er nákvæmest mönnum til á at heita, ok af hennar nafni er þat tignarnafn, er ríkiskonur eru kallaðar fróvur. Henni líkaði vel mansöngur. Á hana er gott at heita til ásta."

#### 25. Frá Tý.

Þá mælti Gangleri: "Miklir þykkja mér þessir fyrir sér æsimir, ok eigi er undarligt, at mikill kraftr fylgi yðr, er þér skuluð kunna skyn goðanna ok vita, hvert biðja skal hveðrar bænarinnar. Eða eru fleiri enn goðin?"

Hárr segir: "Sá er enn áss, er Týr heitir. Hann er djarfastr ok beztr hugaðr, ok hann ræðr mjök sigri í orrostum. Á hann er gott at heita hreystimönnum. Þat er orðtak, at sá er týhraustr, er um fram er aðra menn ok ekki sést fyrir. Hann var ok vitr, svá at þat er ok mælt, at sá er týspakr, er vitrastr er. Þat er eitt mark um djarfleik hans, þá er æsir lokkuðu Fenrisúlfr til þess at leggja fjöturinn á hann, Gleipni, þá trúði hann þeim eigi, at þeir mundu leysa hann, fyrr en þeir lögðu honum at veði hönd Týs í munn hans, en þá er æsir vildu eigi leysa hann, þá beit hann höndina af, þar er nú heitir úlfliðr, ok er hann einhendr ok ekki kallaðr sættir manna.

#### 26. Frá Braga ok Iðunni.

Bragi heitir einn. Hann er ágætr at speki ok mest at málsnilld ok orðfimi. Hann kann mest af skáldskap, ok af honum er bragr kallaðr skáldskapr, ok af hans nafni er sá kallaðr bragr karla eða bragr kvinna, er orðsnilld hefir frammar en aðrir, kona eða karlmaðr. Kona hans er Iðunn. Hon varðveitir í eski sínu epli þau, er goðin skulu á bíta, þá er þau eldast, ok verða þá allir ungir, ok svá mun vera allt til ragnarökrs."

Þá mælti Gangleri: "Allmikil þykkir mér goðin eiga undir gæzlu eða trúnaði Iðunnar."

Þá mælti Hárr ok hló við: "Nær lagði þat ófæru einu sinni. Kunna mun ek þar af at segja, en þú skalt nú fyrst heyra fleiri nöfn ásanna.

#### 27. Frá Heimdalli.

Heimdallr heitir einn. Hann er kallaðr hvíti áss. Hann er mikill ok heilagr. Hann báru at syni meyjar núu ok allar systir. Hann heitir ok Hallinskíði ok Gullintanni. Tennr hans váru af gulli. Hestr hans heitir Gulltoppr. Hann býr þar, er heita Himinbjörg við Bifröst. Hann er vörðr goða ok sitr þar við himins enda at gæta brúarinnar fyrir berggrisum. Hann þarf minna svefn en fugl. Hann sér jafnt nótt sem dag hundrað rasta frá sér. Hann heyrir ok þat, er gras vex á jörðu eða ull á sauðum, ok allt þat er hæra lætr. Hann hefir lúðr þann, er Gjallarhorn heitir, ok heyrir blástr hans í alla heima. Heimdallar sverð er kallað höfuð manns. Hér er svá sagt:

39.  
 Himinbjörg heita,  
 en þar Heimdall  
 kveða valda véum;  
 þar vörðr goða  
 drekkir í væru ranni  
 glaðr inn góða mjöð.

Ok enn segir hann sjálfr í Heimdallargaldri:

40.  
 Nú em ek mæðra mögr,  
 nú em ek systra sonr.

#### 28. Frá Heði.

Höðr heitir einn ásinn. Hann er blindr. Ærit er hann sterkr, en vilja mundu goðin, at þenna ás þyrfti eigi at nefna, því at hans handaverk munu lengi vera höfð at minnum með goðum ok mönnum.

### 29. Frá Víðari.

Víðarr heitir einn, inn þögli áss. Hann hefir skó þjokkvan. Hann er sterkr, næst því sem Þórr. Af honum hafa goðin mikit traust í allar þrautir.

### 30. Frá Vála.

Áli eða Váli heitir einn, sonr Óðins ok Rindar. Hann er djarfr í orrostum ok mjök happskeytr.

### 31. Frá Ulli.

Ullr heitir einn, sonr Sifjar, stúpsönnr Þórs. Hann er bogmaðr svá góðr ok skíðfær svá, at engi má við hann keppast. Hann er ok fagr álitum ok hefir hermanna atgervi. Á hann er ok gott at heita í einvígi.

### 32. Frá Forseta.

Forseti heitir sonr Baldrs ok Nönnu Nepsdóttur. Hann á þann sal á himni, er Glitnir heitir. En allir, er til hans koma með sakarvandræði, þá fara allir sáttir á braut. Sá er dómstaðr beztr með goðum ok mönnum. Svá segir hér:

41.  
Glitnir heitir salr,  
hann er gulli studdr  
ok silfri þakðr it sama;  
en þar Forseti  
byggvir flestan dag  
ok svæfir allar sakar.

### 33. Frá Loka Laufeyjarsyni.

Sá er enn talðr með ásum, er sumir kalla rógbera ásanna ok frumkveða flærðanna ok vömm allra goða ok manna. Sá er nefndr Loki eða Loftr, sonr Fárbauda jötuns. Móðir hans heitir Laufey eða Nál. Bræðr hans eru þeir Býleistr ok Helblindi. Loki er fríðr ok fagr sýnum, illr í skaplyndi, mjök fjölbreyttinn at háttum. Hann hafði þá speki um fram aðra menn, er slægð heitir, ok vélar til allra hluta. Hann kom ásum jafnan í fullt vandræði, ok oft leysti hann þá með vélræðum. Kona hans heitir Sigyn, sonr þeira Nari eða Narfi.

### 34. Frá börnum Loka ok bundinn Fenrisúlfr.

Enn átti Loki fleiri börn. Angrboða hét gýgr í Jötunheimum. Við henni gat Loki þrjú börn. Eitt var Fenrisúlfr, annat Jörmungandr, þat er Miðgarðsormr, þriðja er Hel. En er goðin vissu til, at þessi þrjú systkin fæddust upp í Jötunheimum, ok goðin rökðu til spádóma, at af systkinum þessum myndi þeim mikit mein ok óhapp standa, ok þótti öllum mikils ills af væni, fyrst af móðerni ok enn verra af faðerni, þá sendi Alföðr til goðin at taka börnin ok færa sér. Ok er þau kómu til hans, þá kastaði hann orminum í inn djúpa sæ, er liggr um öll lönd, ok óx sá ormr svá, at hann liggr í miðju hafinu of öll lönd ok bítr í sporð sér.

Hel kastaði hann í Niflheim ok gaf henni vald yfir níu heimum, at hon skyldi skipta öllum vistum með þeim, er til hennar váru sendir, en þat eru sóttadauðir menn ok ellidauðir. Hon á þar mikla bólstaði, ok eru garðar hennar forkunnarhávir ok grindr stórar. Eljúðnir heitir salr hennar, Hungr diskur hennar, Sultr knífr hennar, Ganglati þrællinn, Ganglöt ambátt, Fallandaforað þresköldr hennar, er inn gengr, Kór sæing, Blíkjandaböl ársali hennar. Hon er blá hálf, en hálf með hörundarlit. Því er hon auðkennd ok heldr gnúpleit ok grimmlig.

Úlfrinn fæddu æsir heima, ok hafði Týr einn djarfleik at ganga til at ok gefa honum mat. En er goðin sá, hversu mikit hann óx hvern dag, ok allar spár sögðu, at hann myndi vera lagðr til skaða þeim, þá fengu æsir þat ráð, at þeir gerðu fjötur allsterkan, er þeir kölluðu Læðing, ok báru hann til úlfsins ok báðu hann reyna afl sitt við fjöturinn, en úlfinum þótti sér þat ekki ofrefli ok lét þá fara með sem þeir vildu. En it fyrsta sinn, er úlfrinn spyndi við, brotnaði sá fjöturr. Svá leystist hann ór Læðingi. Því næst gerðu æsir annan fjötr hálfu sterkara, er þeir kölluðu Dróma, ok báðu enn úlfrinn reyna þann fjötur ok töldu hann verða mundu ágætan mjök at afli, ef slík stórsmiði mætti eigi halda honum. En úlfrinn hugsaði, at þessi fjöturr var sterkr mjök, ok þat með, at honum hafði afl vaxit, síðan er hann braut Læðing - kom þat í hug, at hann myndi verða at leggja sik í hættu, ef hann skyldi frægr verða, ok lét leggja á sik fjöturinn. Ok er æsir töldust búnir, þá hristi úlfrinn sik ok laust fjötrinum á jörðina ok knúðist fast at, spyndi við, braut fjöturinn, svá at fjarri flugu brotin. Svá drap hann sik ór Dróma. Þat er síðan haft fyrir orðtak, at leysi ór Læðingi eða drepi ór Dróma, þá er einhver hlutr er ákaflika sótttr.

Eftir þat óttuðust æsirnar, at þeir myndi eigi fá bundit úlfrinn. Þá sendi Alföðr þann, er Skírnir er nefndr, sendimaðr Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nökkurra ok lét gera fjötur þann, er Gleipnir heitir. Hann var gerr af sex hlutum: af dyn kattarins ok af skeggi konunnar ok af rótum bjargsins ok af sinum bjarnarins ok af anda fisksins ok af fugls hráka.

Ok þóttú vitir eigi áðr þessi tíðendi, þá máttu nú finna skjótt hér sönn dæmi, at eigi er logit at þér. Sét munt þú hafa, at konan hefir ekki skegg ok engi dynr verðr af hlaupi kattarins ok eigi eru rætr undir bjarginu. Ok þat veit trúa mín, at jafnsatt er þat allt, er ek hef sagt þér, þótt þeir sé sumir hlutir, er þú mátt eigi reyna."

Þá mælti Gangleri: "Þetta má ek at vísu skilja, at satt er. Þessa hluti má ek sjá, er þú hefir nú til dæma tekit. En hvernig varð fjöturrinn smíðaðr?"

Hárr segir: "Þat kann ek þér vel segja. Fjöturrinn varð slétt ok blautr sem silkiræma, en svá traustr ok sterkr sem nú skaltu heyra. Þá er fjöturrinn var færðr ásunum, þökkudu þeir vel sendimanni sitt erindi. Þá fóru æsir út í vatn þat, er Ámsvartnir heitir, í hólum þann, er Lyngvi er kallaðr, ok kölluðu með sér úlfrinn, sýndu honum silkibandit ok báðu hann slíta ok kváðu vera nökkuru traustara en líkendi þætti á fyrir digrleiks sakir, ok seldi hverr öðrum ok treysti með handafli, ok slitnaði eigi, en þó kváðu þeir úlfrinn slíta mundu.

Þá svarar úlfrinn: "Svá lízt mér á þenna dregil sem enga frægð munak af hljóta, þótt ek slíta í sundr svá mjótt band. En ef þat er gert með list ok vél, þótt þat sýnist lítit, þá kemr þat band eigi á mína færtr."

Þá sögðu æsirnir, at hann myndi skjótt sundr slíta mjótt silkiband, er hann hafði fyrr brotit stóra járnfjötra, - "en ef þú fær eigi þetta band slitit, þá muntu ekki hræða mega goðin. Skulum vér þá leysa þik."

Úlfrinn segir: "Ef þér bindið mik, svá at ek fæk eigi leyst mik, þá skolið þér svá, at mér mun seint verða at taka af yðr hjálp. Ófúss em ek at láta þetta band á mik leggja, en heldr en þér frýið mér hugar, þá leggi einn hverr yðarr hönd sína í munn mér at veði, at þetta sé falslaust gert."

En hverr ásanna sá til annars ok þótti nú vera tvau vandræði, ok vildi engi sína hönd fram selja, fyrr en Týr lét fram hönd sína hægri ok legger í munn úlfinum. En er Úlfrinn spyrnir, þá harðnaði bandit, ok því harðara er hann brauzt um, því skarpara var bandit. Þá hlógu allir nema Týr. Hann lét hönd sína. Þá er æsirnir sá, at Úlfrinn var bundinn at fullu, þá tóku þeir festina, er ór var fjötrinum, er Gelgja heitir, ok drógu hana gegnum hellu mikla, - sú heitir Gjöll, - ok festu helluna langt í jörð niðr. Þá tóku þeir mikinn stein ok skutu enn lengra í jörðina, - sá heitir Þviti, - ok höfðu þann stein fyrir festarhælinn. Úlfrinn gapði ákafliga ok fekksk um mjök ok vildi bíta þá. Þeir skutu í munn honum sverði nökkuru. Nema hjöltin við neðra gómi, en efra gómi blóðrefillinn. Þat er gómssparri hans. Hann grenjar illiliga, ok slefa renn ór munni hans. Þat er á sú, er Ván heitir. Þar liggir hann til ragnarökr.

Þá mælti Gangleri: "Furðu illa barna eign gat Loki, en öll þessi systkin eru mikil fyrir sér. En fyrir hví drápu æsir eigi úlfinn, er þeim er ills ván af honum?"

Hárr svarar: "Svá mikils virðu goðin vé sín ok griðastaði, at eigi vildu þau saurga þá með blóði úlfsins, þótt svá segi spárnar, at hann myni verða at bana Óðni."

### 35. Frá ásynjum.

Þá mælti Gangleri: "Hverjar eru ásynjurnar?"

Hárr segir: "Frigg er æðst. Hon á þann bæ, er Fensalir heita, ok er hann allvegligr.

Önnur er Sága. Hon býr á Sökkvabekk, ok er þat mikill staðr.

Þriðja er Eir. Hon er lækni beztr.

Fjórtða er Gefjun. Hon er mæ, ok henni þjóna þær, er meyjar andast.

Fimmta er Fulla. Hon er enn mæ ok ferr laushár ok gullband um höfuð. Hon berr eski Friggjar ok gætir skóklæða hennar ok veit launráð með henni.

Freyja er tignust með Frigg. Hon giftist þeim manni, er Óðr heitir. Dóttir þeira er Hnoss. Hon er svá fögr, at af hennar nafni eru hnossir kallaðar, þat er fagrt er ok gersimligt. Óðr fór í braut langar leiðir, en Freyja grætr eftir, en tár hennar er gull rautt. Freyja á mörg nöfn, en sú er sök til þess, at hon gaf sér ýmis heiti, er hon fór með ókunnum þjóðum at leita Óðs. Hon heitir Mardöll ok Hörn, Gefn, Sýr. Freyja átti Brisingamen. Hon er ok kölluð Vanadís.

Sjaunda Sjöfn, hon gætir mjök til at snúa hugum manna til ásta, kvinna ok karla, ok af hennar nafni er elskhuginn kallaðr sjafni.

Átta Lofn, hon er svá mild ok góð til áheita, at hon fær leyfi af Alföðr eða Frigg til manna samgangs, kvinna ok karla, þótt áðr sé bannat eða þvertakit þykki. Þat er af hennar nafni lof kallat ok svá þat, at hon er lofuð mjök af mönnum.

Níunda Vár, hon hlýðir á eða manna ok einkamál, er veita sín á milli konur ok karlar. Því heita þau mál várar. Hon hefnir ok þeim, er brigða.

Tíunda Vör, hon er vitr ok spurul, svá at engi hlut má hana leyna. Þat er orðtak, at kona verði vör þess, er hon verðr vís.

Ellifta Syn, hon gætir dura í höllinni ok lýkr fyrir þeim, er eigi skulu inn ganga, ok hon er sett til varnar á þingum fyrir þau mál, er hon vill ósanna. Því er þat orðtak, at syn sé fyrir sett, þá er maðr neitar.

Tólfta Hlín, hon er sett til gæzlu yfir þeim mönnum, er Frigg vill forða við háska nökkurum. Þaðan af er þat orðtak, at sá, er forðast, hleinir.

Prettánda Snotra, hon er vitr ok látprúð. Af hennar heiti er kallat snotr kona eða karlmaðr, sá er hóflátr er.

Fjórtaða Gná, hana sendir Frigg í ýmsa heima at erendum sínum. Hon á þann hest, er renn loft ok lög ok heitir Hófvarpnir. Þat var eitt sinn, er hon reið, at vanir nökkurir sá reið hennar í loftinu. Þá mælti einn:

42.

"Hvat þar flýgr,  
hvat þar ferr  
eða at lofti líðr?"

Hon svarar:

43.

"Né ek flýg,  
þó ek ferk  
ok at lofti líðk  
á Hófvarpni,  
þeim er Hamskerpir  
gat við Garðrofu."

Af Gnár nafni er svá kallat, at þat gnæfar, er hátt ferr.

Sól ok Bil eru talðar með ásynjum, en sagt er fyrr frá eðli þeira.

### 36. Frá valkyrjum.

Enn eru þær aðrar, er þjóna skulu í Valhöll, bera drykkju ok gæta borðbúnaðar ok ölgagna. Svá eru þær nefndar í Grímnismálum:

44.

Hrist ok Mist,  
vil ek, at mér horn beri,  
Skeggjöld ok Skögul,  
Hildir ok Þrúðr,  
Hlökk ok Herfjötur,  
Göll ok Geirahöð,  
Randgríðr ok Ráðgríðr,

ok Reginleif,  
þær bera Einherjum öl.

Þessar heita valkyrjur. Þær sendir Óðinn til hvernarr orrustu. Þær kjósa feigd á menn ok ráða sigri. Guðr ok Róta ok norm in yngsta, er Skuld heitir, ríða jafnan at kjósa val ok ráða vígum. Jörð, móðir Þórs, ok Rindr, móðir Vála, eru talðar með ásynjum.

### 37. Freyr fekk Gerðar Gymisdóttir.

Gymir hét maðr, en kona hans Aurböða. Hon var bergrisa ættar. Dóttir þeira er Gerðr, er allra kvinna var fegrst. Þat var einn dag, at Freyr hafði gengit í Hliðskjálf ok sá of heima alla. En er hann leit í norðrætt, þá sá hann á einum bæ mikit hús ok fagrt, ok til þess húss gekk kona, ok er hon tók upp höndum ok lauk hurð fyrir sér. Þá lýsti af höndum hennar bæði í loft ok á lög, ok allir heimar birtust af henni. Ok svá hefndi honum þat mikla mikillæti, er hann hafði setzt í þat it helga sæti, at hann gekk í braut fullr af harmi. Ok er hann kom heim, mælti hann ekki. Ekki svaf hann, ekki drakk hann. Engi þorði ok at krefja hann orða.

Þá lét Njörðr kalla til sín Skírni, skósvain Freys, ok bað hann ganga til Freys ok beiða hann orða ok spyrja, hverjum hann væri svá reiðr, at hann mælti ekki við menn. En Skírni lézt ganga mundu ok eigi fúss ok kvað illra svara vera ván af honum. En er hann kom til Freys, þá spurði hann, hví Freyr var svá hnípinn ok mælti ekki við menn.

Þá svarar Freyr ok sagði, at hann hefði sét konu fagra ok fyrir hennar sakir var hann svá harmfullr, at eigi myndi hann lengi lifa, ef hann skyldi eigi ná henni - "ok nú skaltu fara ok biðja hennar mér til handa ok hafa hana heim hingat, hvárt er faðir hennar vill eða eigi, ok skal ek þat vel launa þér."

Þá svarar Skírni, sagði svá, at hann skal fara sendiferð, en Freyr skal fá honum sverð sitt. Þat var svá gott sverð, at sjálft vást. En Freyr lét eigi þat til skorta ok gaf honum sverðit. Þá fór Skírni ok bað honum konunnar ok fekk heit hennar, ok nú nóttum síðar skyldi hon þar koma, er Barrey heitir, ok ganga þá at brullaupinu með Frey. En er Skírni sagði Frey sitt erindi, þá kvað hann þetta:

45.  
Löng er nótt,  
löng er önnur,  
hvé mega ek þreyja þrjár?  
Oft mér mánaðr  
minni þótti  
en sjá half hýnótt.

Þessi sök er til þess, er Freyr var svá vápnlauss, er hann barðist við Belja ok drap hann með hjartarhorni."

Þá mælti Gangleri: "Undr mikit, er þvílíkr höfðingi sem Freyr er vildi gefa sverð, svá at hann átti eigi annat jafngott. Geysimikit mein var honum þat, þá er hann barðist við þann, er Beli heitir. Þat veit trúa mín, at þeirar gjafar myndi hann þá iðrast."

Þá svarar Hárr: "Lítit mark var þá at, er þeir Beli hittust. Drepa mátti Freyr hann með hendi sinni. Verða mun þat, er Frey mun þykkja verr við koma, er hann missir sverðsins, þá er Múspellssynir fara at herja."

### 38. Frá vist Einherja ok Óðins.

Þá mælti Gangleri: "Þat segir þú, at allir þeir menn, er í orrustu hafa fallit frá upphafi heims eru nú komnir til Óðins í Valhöll. Hvat hefir hann at fá þeim at vistum? Ek hugða, at þar skyldi vera allmikit fjölmenni."

Þá svarar Hárr: "Satt er þat, er þú segir, allmikit fjölmenni er þar. En miklu fleira skal enn verða, ok mun þó oflítit þykkja, þá er úlfrinn kemr. En aldri er svá mikill mannfjöldi í Valhöll, at eigi má þeim endast flesk galtar þess, er Sæhrímnir heitir. Hann er soðinn hvern dag, ok heill at aftni. En þessi spurning, er nú spyr þú, þykkir mér líkara, at fáir myni svá vísir vera, at hér kunni satt af at segja. Andhrímnir heitir steikarinn, en Eldhrímnir ketillinn. Svá er hér sagt:

46.  
Andhrímnir  
lætr í Eldhrímni  
Sæhrímni soðinn,  
fleska bazt,  
en þat fáir vitu,  
við hvat einherjar alask."

Þá mælti Gangleri: "Hvárt hefir Óðinn þat sama borðhald sem einherjar?"

Hárr segir: "Þá vist, er á hans borði stendr, gefr hann tveim úlfum, er hann á, er svá heita, Geri ok Freki. En enga vist þarf hann: Vín er honum bæði drykkur ok matr. Svá segir hér:

47.  
Gera ok Freka  
seðr gunntamiðr,  
hróðiðr Herjaföður;  
en við vín eitt  
vápngöfigr  
Óðinn æ lifir.

Hrafnar tveir sitja á öxlum honum ok segja í eyru honum öll tíðendi, þau er þeir sjá eða heyra. Þeir heita svá, Huginn ok Muninn. Þá sendir hann í dagan at fljúga um heim allan, ok koma þeir aftr at dögurðarmáli. Þar af verðr hann margra tíðenda vísir. Því kalla menn hann Hrafnaguð, svá sem sagt er:

48.  
Huginn ok Muninn  
fljúga hverjan dag

jörmungrund yfir;  
 óumk ek Hugin,  
 at hann aftr né komi,  
 þó sjáumk ek meir of Munin."

### 39. Frá drykk Einherja.

Þá mælti Gangleri: "Hvat hafa einherjar at drykk, þat er þeim endist jafngnógliga sem vistin, eða er þar vatn drukkit?"

Þá segir Hárr: "Undarliga spyr þú nú, at Alföðr mun bjóða til sín konungum eða jörlum eða öðrum ríkismönnum ok myni gefa þeim vatn at drekka. Ok þat veit trúa mín, at margr kemr sá til Valhallar, er dýrt mundi þykkjast kaupa vatnsdrykkinn, ef eigi væri betra fagnaðar þangat at vitja, sá er áðr þolir sár ok sviða til banans. Annat kann ek þér þaðan segja. Geit sú, er Heiðrún heitir, stendr uppi á Valhöll ok bítr barr af limum trés þess, er mjök er nafnfrægt, er Læraðr heitir, en ór spenum hennar rennr mjöðr sá, er hon fyllir skapker hvern dag. Pat er svá mikit, at allir Einherjar verða fulldrukknir af."

Þá mælti Gangleri: "Pat er þeim geysihaglig geit. Forkunnargóðr viðr mun þat vera, er hon bítr af."

Þá mælti Hárr: "Enn er meira mark at of hjörtinn Eikþyrni, er stendr á Valhöll ok bítr af limum þess trés, en af hornum hans verðr svá mikill dropi, at niðr kemr í Hvergelmi, ok þaðan af falla þær ár, er svá heita: Síð, Víð, Sækin, Ekin, Svöl, Gunnþró, Fjorm, Fimbulþul, Gípul, Göpul, Gömul, Geirvimul. Þessar falla um ása byggðir. Þessar eru enn nefndar: Pyn, Vín, Þöll, Höll, Gráð, Gunnþráin, Nyt, Nöt, Nönn, Hrönn, Vína, Vegsvinn, Þjóðnuma."

### 40. Um stærð Valhallar.

Þá mælti Gangleri: "Þetta eru undarlig tíðendi, er nú sagðir þú. Geysimikit hús mun Valhöll vera. Allþröngt mun þar oft vera fyrir durum."

Þá svarar Hárr: "Hví spyr þú eigi þess, hversu margar dyr eru á höllinni eða hversu stórar? Ef þú heyrir þat sagt, þá muntu segja, at hitt er undarligt, ef eigi má ganga út ok inn hverr, er vill. En þat er með sönnu at segja, at eigi er þröngra at skipa hana en ganga í hana. Hér máttu heyra í Grímnismálum:

49.  
 Fimm hundrað dura  
 ok of fjórum tögum,  
 svá hygg ek á Valhöllu vera;  
 átta hundruð Einherja  
 ganga senn ór einum durum  
 þá er þeir fara með vitni at vega."

### 41. Frá skemmtan Einherja.

Þá mælti Gangleri: "Allmikill mannfjöldi er í Valhöll. Svá njóta trú minnar, at allmikill höfðingi er Óðinn, er hann stýrir svá miklum her. Eða hvat er skemmtun Einherja, þá er þeir drekka eigi?"

Hárr segir: "Hvern dag, þá er þeir hafa klæðzt, þá hervæða þeir sik ok ganga út í garðinn ok berjask, ok fellir hverr annan. Pat er leikr þeira. Ok er liðr at dögurðarmáli, þá ríða þeir heim til Valhallar ok setjast til drykkju, svá sem hér segir:

50.  
 Allir Einherjar  
 Óðins túnum í  
 höggvask hverjan dag,  
 val þeir kjósa  
 ok ríða vígi frá,  
 sitja meir of sáttir saman.

En satt er þat, er þú sagðir. Mikill er Óðinn fyrir sér. Mörg dæmi finnast til þess. Svá er hér sagt í orðum sjálfra ásanna:

51.  
 Askr Yggdrasils,  
 hann er æðstr víða,  
 en Skíðblaðnir skipa,  
 Óðinn ása,  
 en jóa Sleipnir,  
 Bifröst brúa,  
 en Bragi skalda,  
 Hábrók hauka,  
 en hunda Garmr."

### 42. Æsir rufu eiða sína á borgarsmiðnum.

Þá mælti Gangleri: "Hverr á þann hest, Sleipni, eða hvat er frá honum at segja?"

Hárr segir: "Eigi kanntu deili á Sleipni, ok eigi veiztu atburði, af hverju hann kom, en þat mun þér þykkja frásagnar vert. Pat var snimma í öndverða byggð goðanna, þá er goðin höfðu sett Miðgarð ok gert Valhöll, þá kom þar smiðr nökkurr ok bauð at gera þeim borg á þrim misserum svá góða, at trú ok örugg væri fyrir bergisum ok hrímþursum, þótt þeir kæmi inn um Miðgarð, en hann mælti sér þat til kaups, at hann skyldi eignast Freyju, ok hafa vildi hann sól ok mána. Þá gengu æsir á tal ok réðu ráðum sínum, ok var þat kaup gert við smiðinn, at hann skyldi eignast þat, er hann mælti til, ef hann fengi gert borgina á einum vetri, en inn fyrsta sumarsdag, ef nökkurr hlutr væri ógerr at borginni, þá skyldi hann af kaupinu. Skyldi hann af engum manni lið þiggja til verksins. Ok er þeir sögðu honum þessa kosti, þá beiddist hann, at þeir skyldu lofa, at hann hefði lið af hesti sínum, er Svaðilfari hét, en því réð Loki, er þat var til

lagt við hann. Hann tók til inn fyrsta vetrardag at gera borgina, en of nætr dró hann til grjó á hestinum. En þat þótti ásunum mikit undr, hversu stór björg sá hestr dró, ok hálfu meira þrekvirki gerði hestrinn en smiðrinn. En at kaupi þeira váru sterk vitni ok mörg særi, fyrir því at jötnum þótti ekki tryggt at vera með ásum griðalaust, ef Þórr kæmi heim, en þá var hann farinn í austrveg at berja tröll. En er á leið vetrinn, þá sóttist mjök borgargerðin, ok var hon svá há ok sterk, at eigi mátti á þat leita.

En þá er þrír dagar váru til sumars, þá var komit mjök at borghliði. Þá settust goðin á dómstóla sína ok leituðu ráða ok spurði hverr annan, hverr því hefði ráðit at gifta Freyju í Jötunheima eða spilla loftinu ok himninum svá, at taka þaðan sól ok tungl ok gefa jötnum. En þat kom ásamt með öllum, at þessu myndi ráðit hafa sá, er flestu illu ræðr, Loki Laufeyjarson, ok kváðu hann verðan ills dauða, ef eigi hitti hann ráð til, at smiðrinn væri af kaupinu, ok veittu Loka atgöngu. En er hann varð hræddr, þá svarði hann eiða, at hann skyldi svá til haga, at smiðrinn væri af kaupinu, hvat sem hann kostaði til.

Ok it sama kveld, er smiðrinn ok út eftir grjótinu með hestinn Svaðilfara, þá hljóp ór skógi nökkurum merr ok at hestinum ok hrein við. En er hestrinn kenndi, hvat hrossi þetta var, þá æddist hann ok sleit sundr reipin ok hljóp til merarinnar, en hon undan til skógar ok smiðrinn eftir ok vill taka hestinn, en þessi hross hlaupa alla nótt, ok dvelst smíðin þá nótt, ok eftir um daginn varð ekki svá smíðat sem fyrr hafði orðit. Ok þá er smiðrinn sér, at eigi mun lokit verða verkinu, þá færast smiðrinn í jötunmóð. En er æsimir sá þat til vís, at þar var bergrisi kominn, þá varð eigi þyrmt eiðunum, ok kölluðu þeir á Þór, ok jafnskjótt kom hann, ok því næst fór á loft hamarinn Mjöllnir. Galt hann þá smiðarkaupit ok eigi sól eða tungl, heldr synjaði hann honum at byggva í Jötunheimum ok laust þat it fyrsta högg, er haussinn brotnaði í smán mola, ok sendi hann niðr undir Niflheim.

En Loki hafði þá ferð haft til Svaðilfara, at nökkuru síðar bar hann fyl. Þat var grátt ok hafði átta fætr, ok er sá hestr beztr með goðum ok mönnum. Svá segir í Völuspá:

52.  
Þá gengu regin öll  
á rökstóla  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk,  
hverr hefði loft allt  
lævi blandit  
eða ætt jötuns  
Óðs mey gefna.

53.  
Á gengusk eiðar,  
orð ok særi,  
mál öll meginlig,  
er á meðal fóru;  
Þórr einn þar vá  
þrunginn móði,  
hann sjaldan sitr,  
er hann slíkt of fregn."

#### 43. Frá Skíðblaðni.

Þá mælti Gangleri: "Hvat er at segja frá Skíðblaðni, er hann er beztr skipa, hvárt er ekki skip jafnmikit sem hann?"

Hárr segir: "Skíðblaðnir er beztr skipanna ok með mestum hagleik gerr, en Naglfar er mest skip. Þat á Múspell. Dvergar nökkurir, synir Ívalda, gerðu Skíðblaðni ok gáfu Frey skipit. Hann er svá mikill, at allir æsir megu skipa hann með vápnum ok herbúnaði, ok hefir hann byr, þegar er segl er dregit, hvert er fara skal, en þá er eigi skal fara með hann á sæ, þá er hann gerr af svá mörgum hlutum ok með svá mikilli list, at hann má vefja saman sem dúk ok hafa í pungu sínum.

#### 44. Þórr hóf för sína til Útgarda-Loka.

Þá mælti Gangleri: "Gott skip er Skíðblaðnir, en allmikil fjölkynngi mun vera við höfð, áðr svá fái gert. Hvárt hefir Þórr hvergi svá farit, at hann hafi hitt fyrir sér svá ríkt eða rammt, at honum hafi ofrefli verit fyrir afls sakar eða fjölkynngi?"

Þá mælti Hárr: "Fár maðr, vættir mik, at frá því kunni at segja, en margt hefir honum harðfært þótt. En þótt svá hafi verit, at nökkurr hlutr hafi svá verit rammr eða sterkr, at Þórr hafi eigi sigr fengit á unnit, þá er eigi skylt at segja frá, fyrir því at mörg dæmi eru til þess ok því eru allir skyldir at trúa, at Þórr er máttkastr."

Þá mælti Gangleri: "Svá lízt mér sem þess hlutar mynda ek yðr spurt hafa, er engi er til fær at segja."

Þá mælti Jafnhárr: "Heyrt höfum vér sagt frá þeim atburðum, er oss þykkja ótrúligir, at sannir myni vera. En hér mun sá sitja nær, er vita mun sönn tíðendi af at segja, ok muntu því trúa, at hann mun eigi ljúga nú it fyrsta sinn, er aldri laug fyrr."

Þá mælti Gangleri: "Hér mun ek standa ok hlýða, ef nökkur órlausn fæst þessa máls, en at öðrum kosti kalla ek yðr vera yfir komna, ef þér kunnud eigi at segja, þat er ek spyr."

Þá mælti Þriði: "Auðsýnt er nú, at hann vill þessi tíðendi vita, þótt oss þykki eigi fagrt at segja."

Þat er upphaf þessa máls, at Öku-Þórr fór með hafra sína ok reið ok með honum sá áss, er Loki er heitir. Koma þeir at kveldi til eins búanda ok fá þar náttstað. En um kveldit tók Þórr hafra sína ok skar báða. Eftir þat váru þeir flegnir ok bornir til ketils. En er soðit var, þá settist Þórr til náttverðar ok þeir lagsmenn. Þórr bauð til matar með sér búandanum ok konu hans ok börnum þeira. Sonr búanda hét Þjálfi, en Röskva dóttir. Þá lagði Þórr hafrstökurnar útar frá eldinum ok mælti, at búandi ok heimamenn hans skyldu kasta á hafrstökurnar beinumum. Þjálfi, sonr búanda, hélt á lærlegg hafrsins ok spretti á knífi sínum ok braut til mergjar. Þórr dvalðist þar of nóttina. En í öttu fyrir dag stóð hann upp ok klæddi sik, tók hamarinn Mjöllni ok brá upp ok vígði hafrstökurnar. Stóðu þá upp hafrarnir, ok var þá annarr haltr eftra fæti. Þat fann Þórr ok talði, at búandinn eða hans hjón myndu eigi skynsamliga hafa farit með beinum hafrsins. Kennir hann, at brotinn var lærleggrinn. Eigi þarf langt frá því at segja. Vita mega þat allir, hversu hræddr búandinn mundi vera, er hann sá, at Þórr lét síga brýnnar ofan fyrir augun, en þat er hann sá augnanna, þá hugðist hann falla mundu fyrir sjónum hans einum saman. Hann herði hendrnar at hamarskaftinu, svá at hvítuðu knúarnir. En búandinn gerði sem ván var ok öll hjúnin, kölluðu ákaflega, báðu sér friðar, buðu at yfirbótum allt þat, er þau áttu. En er hann sá hræðslu þeira, þá gekk af honum móðrinn, ok sefaðist hann ok tók af þeim í sætt börn þeira. Þjálfa ok Röskvu, ok gerðust þau þá skyldir þjónustumenn hans, ok fylgja þau honum jafnan síðan.

#### 45. Frá skiptum Þórs ok Skrymis.

Lét hann þar eftir hafra ok byrjaði ferðina austr í Jötunheima ok allt til hafsins, ok þá fór hann út yfir hafit þat it djúpa. En er hann kom til lands, þá gekk hann upp ok með honum Loki ok Þjálfri ok Röskva. Þá er þau höfðu litla hríð gengit, varð fyrir þeim mörk stór. Gengu þau þann dag allan til myrkurs. Þjálfri var allra manna fóthvatastr. Hann bar kýl Þórs, en til vista var eigi gott.

Þá er myrkt var orðit, leituðu þeir sér náttstaðar ok fundu fyrir sér skála nokkurn mjök mikinn. Váru dyrr á enda ok jafnbreidar skálanum. Þar leituðu þeir sér náttbóls. En of miðja nótt varð landskjálfti mikill. Gekk jörðin undir þeim skykkjum, ok skalf húsit. Þá stóð Þórr upp ok hét á lagsmenn sína, ok leituðust fyrir ok fundu afhús til hægri handar í miðjum skálanum ok gengu þannig. Settist Þórr í dyrrnar, en önnur þau váru innar frá honum, ok váru þau hrædd, en Þórr helt hamarskaftinu ok hugði at verja sik. Þá heyrðu þau ym mikinn ok gný.

En er kom at dagan, þá gekk Þórr út ok sér mann, hvar lá skammt frá honum í skóginum, ok var sá eigi lítill. Hann svaf ok hraut sterkliga. Þá þóttist Þórr skilja, hvat látum verit hafði of nóttina. Hann spennir sik megingjörðum, ok óx honum ásmegin. Ok í því bili vaknar sá maðr ok stóð skjótt upp, en þá er sagt, at Þórr varð bilt einu sinni at slá hann með hamrinum ok spurði hann at nafni.

En sá nefndist Skrýmir, - "en eigi þarf ek", sagði hann, "at spyrja þik at nafni. Kenni ek, at þú ert Ása-Þórr. En hvárt hefir þú dregit á braut hanzka minn?"

Seidist þá Skrýmir til ok tók upp hanzkann. Sér Þórr þá, at þat hafði hann haft of nóttina fyrir skála, en afhúsit, þat var þumlungrinn hanzkans.

Skrýmir spurði, ef Þórr vildi hafa föruneyti hans, en Þórr játti því. Þá tók Skrýmir ok leysti nestbagga sinn ok bjóst til at eta dögurð, en Þórr í öðrum stað ok hans félagar. Skrýmir bauð þá, at þeir legðu mötuneyti sitt, en Þórr játti því. Þá batt Skrýmir nest þeira allt í einn bagga ok lagði á bak sér. Hann gekk fyrir of daginn ok steig heldr stórum, en síð at kveldi leitaði Skrýmir þeim náttstaðar undir eik nokkurri mikilli.

Þá mælti Skrýmir til Þórs, at hann vill leggjast niðr at sofa, - "en þér takið nestbaggann ok búið til nótturðar yðr."

Því næst sofnað Skrýmir ok hraut fast, en Þórr tók nestbaggann ok skal leysa, en svá er at segja, sem ótrúligt mun þykkja, at engi knút fekk hann leyst ok engi álaendann hreyft, svá at þá væri lausari en áðr. Ok er hann sér, at þetta verk má eigi nýtast, þá varð hann reiðr, greip þá hamarinn Mjöllni tveim höndum ok steig fram öðrum fæti at þar, er Skrýmir lá, ok lýstr í höfuð honum, en Skrýmir vaknar ok spyr, hvárt laufsblað nakkvat fell í höfuð honum eða hvárt þeir hafi þá matazt ok sé búinir til rekkna.

Þórr segir, at þeir munu þá sofa ganga. Ganga þau þá undir aðra eik. Er þat þér satt at segja, at ekki var þá óttalaust at sofa.

En at miðri nótt, þá heyrir Þórr, at Skrýmir hrytr ok sefr fast, svá at dunar í skóginum. Þá stendr hann upp ok gengr til hans, reiðir hamarinn títt ok hart ok lýstr ofan í miðjan hvirfil honum. Hann kennir, at hamarsmuðrinn sökkr djúpt í höfuðit.

En í því bili vaknar Skrýmir ok mælti: "Hvat er nú? Fell akarn nökkut í höfuð mér, eða hvat er títt um þik, Þórr?"

En Þórr gekk aftr skyndiliga ok svarar, at hann var þá nývaknaðr, sagði, at þá var mið nótt ok enn væri mál at sofa. Þá hugsaði Þórr þat, ef hann kæmi svá í færi at slá hann it þriðja högg, at aldri skyldi hann sjá sik síðan, liggr nú ok gætir, ef Skrýmir sofnaði enn fast. En litlu fyrir dagan þá heyrir hann, at Skrýmir mun sofnað hafa, stendr þá upp ok hleypr at honum, reiðir þá hamarinn af öllu afli ok lýstr á þunnvangann, þann er upp vissi. Sökkr þá hamarinn upp at skaftinu.

En Skrýmir settist upp ok strauk of vangann ok mælti: "Hvart munu fuglar nökkurir sitja í trénu yfir mér? Mik grunaði, er ek vaknaða, at tros nökkut af kvistunum fell í höfuð mér. Hvárt vakir þú, Þórr? Mál mun vera upp at standa ok klæðast, en ekki eiguð þér nú langa leið fram til borgarinnar, er kölluð er Útgarðr. Heyrt hefi ek, at þér hafit kvisat í milli yðvar, at ek væra ekki lítill maðr vexti, en sjá skuluð þér þar stærri menn, ef þér komit í Útgarð. Nú mun ek ráða yðr heilræði. Látid þér eigi stórliga yfir yðr. Ekki munu hirðmenn Útgarða-Loka vel þola þvílíkum kógursveinum köpurýrði. En at öðrum kosti hverfið aftr, ok þann ætla ek yðr betra af at taka. En ef þér vilid fram fara, þá stefnið þér í austr, en ek á nú norðr leið til fjalla þessa, er þér meguð nú sjá."

Tekr Skrýmir nestbaggann ok kastar á bak sér ok snýr þvers á braut í skóginn frá þeim, ok er þess eigi getit, at æsirirn bæði þá heila hittast.

#### 46. Frá íþróttum Þórs ok féлага hans.

Þórr snýr fram á leið ok þeir félagar ok gengr framan til miðs dags. Þá sá þeir borg standa á völlum nökkurum ok settu hnakkann á bak sér aftr, áðr þeir fengu séð yfir upp, ganga til borgarinnar, ok var grind fyrir borghlíðinu ok lokin aftr. Þórr gekk á grindina ok fekk eigi upp lokit, en er þeir þreyttu at komast í borgina, þá smugu þeir milli spalanna ok kómu svá inn, sá þá höll mikla ok gengu þannig. Var hurðin opin. Þá gengu þeir inn ok sá þar marga menn á tvá bekkir ok flesta ærit stóra.

Því næst koma þeir fyrir konunginn Útgarða-Loka ok kvöddu hann, en hann leit seint til þeira ok glotti við tönn ok mælti: "Seint er minn langan veg at spyrja tíðenda, eða er annan veg en ek hygg, er þessi sveinstauli orðinn Óku-Þórr? En meiri muntu vera en mér lízt þú, eða hvat íþróttar er þat, er þér félagar þykkizt vera við búinir? Engi skal hér vera með oss, sá er eigi kunni nökkurs konar list eða kunnandi um fram flesta menn."

Þá segir sá, er síðast gekk, er Loki heitir: "Kann ek þá íþrótt, er ek em albuinn at reyna, at engi er hér sá inni, er skjótara skal eta mat sinn en ek."

Þá svarar Útgarða-Loki: "Íþrótt er þat, ef þú efnir, ok freista skal þá þessar íþróttar." - kallaði útar á bekkinn, at sá, er Logi heitir, skal ganga á gólf fram ok freista sín í móti Loka.

Þá var tekit trog eitt ok borit inn á hallargólft ok fyllt af slátri. Settist Loki at öðrum enda, en Logi at öðrum, ok át hvárrtveggi sem tíðast ok mættust í miðju troginu. Hafði þá Loki etið slátr allt af beinum, en Logi hafði ok etit slátr allt ok beinin með ok svá trogit, ok sýndist nú öllum sem Loki hefði látit leikinn.

Þá spyr Útgarða-Loki, hvat sá inn ungi maðr kunni leika, en Þjálfri segir, at hann mun freista at renna skeið nökkur við einhvern þann, er Útgarða-Loki fær til. Þá segir Útgarða-Loki, at þetta er góð íþrótt, ok kallar þess meiri ván, at hann sé vel at sér búinn of skjótleikinn, ef hann skal þessa íþrótt inna, en þó lætr hann skjótt þessa skulu freista. Stendr þá upp Útgarða-Loki ok gengr út, ok var þar gott skeið at renna eftir sléttum velli. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinstauli nökkurn, er nefndr er Hugi, ok bað hann renna í köpp við Þjálf. Þá taka þeir it fyrsta skeið, ok er Hugi því framar, at hann snýst aftr í móti honum at skeiðsenda.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Þurfa muntu, Þjálfri, at leggja þik meir fram, ef þú skalt vinna leikinn, en þó er þat satt, at ekki hafa hér komit þeir menn, er mér þykkja fóthvatari en svá."

Þá taka þeir aftr annat skeið, ok þá er Hugi er kemr til skeiðsenda ok hann snýst aftr, þá var langt kólfskot til Þjálf.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Vel þykkir mér Þjálfri renna skeiðit, en eigi trúi ek honum nú, at hann vinni leikinn, en nú mun reyna, er þeir renna it þriðja skeiðit."

Þá taka þeir enn skeið, en er Hugi er kominn til skeiðsenda ok snýst aftr, ok er Þjálfri eigi þá kominn á mitt skeið. Þá segja allir, at reynt er um þenna leik.

Þá spyr Útgarða-Loki Þórr, hvat þeira íþróttar mun vera, er hann myni vilja birta fyrir þeim, svá miklar sögur sem menn hafa gert um stórvirki hans. Þá mælti Þórr, at helzt vill hann þat taka til at þreyta drykkju við einhvern mann. Útgarða-Loki segir, at þat má vel vera, ok gengr inn í höllina ok kallar skutilsvein sinn, biðr, at hann taki vítið horn þat, er hirðmenn eru vanir at drekka af. Því næst kemr fram skutilsveinn með horninu ok fær Þórr í hönd.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Af horni þessu þykkir þá vel drukkit, ef í einum drykk gengr af, en sumir menn drekka af í tveim drykkjum, en engi er svá lítill drykkjumaðr, at eigi gangi af í þrimr."

Þórr lítr á hornit ok sýnist ekki mikit ok er þó heldr langt, en hann er mjök þyrstr, tekr at drekka ok svelgr allstórum ok hyggr, at eigi skal hann þurfa at lúta oftár í hornit. En er hann þraut örendit ok hann laut ór horninu ok sér, hvat leið drykkinum, ok lízt honum svá sem allfíll munr mun vera, at nú sé lægra í horninu en áðr.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Vel er drukkit ok eigi til mikit. Eigi myndak trúa, ef mér væri sagt frá, at Ása-Þórr mundi eigi meira drykk drekka, en þó veit ek, at þú munt vilja drekka af í öðrum drykk."

Þórr svarar engu, setr hornit á munn sér ok hyggr nú, at hann skal drekka meira drykk, ok þreytir á drykkjuna, sem honum vannst til örendi, ok enn sér hann, at stikillinn hornsins vill ekki upp svá mjök sem honum líkar. Ok er hann tók hornið af munni sér ok sér í, lízt honum nú svá sem minna hafi þorrit men í inu fyrra sinni. Er nú gott beranda borð á horninu.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Hvat er nú, Þórr, muntu nú eigi sparast til eins drykkjar meira en þér mun hagr á vera? Svá lízt mér, ef þú skalt nú drekka af horninu inn þriðja drykkinn, sem þessi mun mestr ætlaðr. En ekki muntu mega hér með oss heita svá mikill maðr sem æsir kalla þik, ef þú gerir eigi meira af þér um aðra leika en mér lízt, at um þenna mun vera."

Þá varð Þórr reiðr, setr hornit á munn sér ok drekkir sem ákaflegast má hann ok þreytur sem mest á drykkinn. En er hann sá í hornit, þá hafði helst nú nökkut munr á fengizt, ok þá býðr hann upp hornit ok vill eigi drekka meira.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Auðsætt er nú, at mátt þinn er ekki svá mikill sem vér hugðum, en viltu freista um fleiri leika? Sjá má nú, at ekki nýtir þú hér af."

Þórr svarar: "Freista má ek enn of nökkura leika, en undarliga myndi mér þykkja, þá er ek var heima með ásum, ef þvílíkir drykkir væri svá litlir kallaðir. En hvat leik vilið þér nú bjóða mér?"

Þá mælti Útgarða-Loki: "Pat gera hér ungir sveinar, er lítit mark mun at þykkja, at hefja upp af jörðu kött minn, en eigi myndak kunna at mæla þvílíkt við Ása-Þór, ef ek hefða eigi sét fyrr, at þú er miklu minni fyrir þér en ek hugða."

Því næst hljóp fram köttur einn grár á hallargólfrit ok heldr mikill, en Þórr gekk til ok tók hendi sinni niðr undir miðjan kviðinn ok lyfti upp, en kötturinn beygði kenginn, svá sem Þórr rétti upp höndina. En er Þórr seildist svá langt upp sem hann mátti lengst, þá létta kötturinn einum fæti, ok fekk Þórr eigi framit þenna leik meir.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Svá fór þessi leikr sem mik varði. Kötturinn er heldr mikill, en Þórr er lágr ok lítill hjá stórmenni því, sem hér er með oss."

Þá mælti Þórr: "Svá lítinn sem þér kallið mik, þá gangi nú til einn hvern ok fáist við mik! Nú em ek reiðr."

Þá svarar Útgarða-Loki ok litast um á bekkina ok mælti: "Eigi sé ek þann mann hér inni, er eigi mun lítillræði í þykkja at fást við þik."

Ok enn mælti hann: "Sjám fyrst, kalli mér hingat kerlinguna föstru mína, Elli, ok fáist Þórr við hana, ef hann vill. Fellt hefir hon þá menn, er mér hafa litizt eigi ósterkligri en Þórr er."

Því næst gekk í höllina kerling ein gömul. Þá mælti Útgarða-Loki, at hon skal taka fang við Ása-Þór. Ekki er langt um að gera. Svá fór fang þat, at því harðara er Þórr knúðist at fanginu, því fastara stóð hon. Þá tók kerling at leita til bragða, ok varð Þórr þá lauss á fótum, ok váru þær sviptingar allharðar ok eigi lengi, áðr en Þórr féll á kné öðrum fæti. Þá gekk til Útgarða-Loki ok bað þau hætta fanginu ok sagði svá, at Þórr myndi eigi þurfa at bjóða fleirum mönnum fang í hans hirð. Var þá ok liðit at nótt. Vísaði Útgarða-Loki Þór ok þeim félögum til sætis, ok dveljast þar náttlangt í góðum fagnaði.

#### 47. Skilnaðr Þórs ok Útgarða-Loka.

En at morgni, þegar dagaði, stendr Þórr upp ok þeir félagar, klæða sik ok eru búnir braut at ganga. Þá kom þar Útgarða-Loki ok lét setja þeim borð. Skorti þá eigi góðan fagnað, mat ok drykk. En er þeir hafa matazt, þá snúast þeir til ferðar.

Útgarða-Loki fylgir þeim út, gengr með þeim braut ór borginni, en at skilnaði þá mælti Útgarða-Loki til Þórs ok spyr, hvernig honum þykkir ferð sín orðin, eða hvárt hann hefir hitt ríkara mann nökkurn en sik.

Þórr segir, at eigi mun hann þat segja, at eigi hafi hann mikla ósæmð farit í þeira viðskiptum, - "en þó veit ek, at þér munuð kalla mik lítinn mann fyrir mér, ok uni ek því illa."

Þá mælti Útgarða-Loki: "Nú skal segja þér it sanna, er þú ert út kominn ór borginni, at ef ek lifi ok megak ráða, þá skaltu aldri oftár í hana koma. Ok þat veit trúa mín, at aldri hefðir þú í hana komit, ef ek hefða vitat áðr, at þú hefðir svá mikinn kraft með þér ok þú hafðir svá nær haft oss mikilli ófæru. En sjónhverfingar hef ek gert þér, svá at fyrsta sinn á skóginum kom ek til fundar við yðr, ok þá er þú skyldir leysa nestbaggann, þá hafðak bundit hann með grésjárni, en þú fannst eigi, hvar upp skyldi lúka. En því næst laust þú mik með hamrinum þrjú högg, ok var it fyrsta minnst ok var þó svá mikit, at mér mundi endast til bana, ef á hefði komit. En þar er þú sátt hjá höll minni setberg ok þar sátu ofan í þrjá dali ferskeytta ok einn djúpastan, þar váru hamarspor þín. Setberginu brá ek fyrir högginn, en eigi sást þú þat. Svá var ok of leikana, er þér þreyttuð við hirðmenn mína, þá var þat it fyrsta er, Loki gerði. Hann var mjök soltunn ok át tútt, en sá er Logi hét, þat var villieldr, ok brenndi hann eigi seinna trogið en slátrit. En er Þjálfí þreytti rásina við þann, er Hugi hét, þat var hugr minn, ok var Þjálfá eigi vænt at þreyta skjótfæri við hann. En er þú drakkt af horninu ok þótti þér seint líða, en þat veit trúa mín, at þá varð þat undr, er ek mynda eigi trúa, at vera mætti. Annarr endir hornsins var úti í hafi, en þat sátu eigi, en nú, er þú kemr til sjávarins, þá muntu sjá mega, hvern þurrð þú hefir drukkit á sænum. Pat eru nú fjörur kallaðar."

Ok enn mælti hann: "Eigi þótti mér hitt minna vera vert, er þú lyftir upp kettinum, ok þér satt at segja, þá hræddust allir þeir, er sá, er þú lyftir af jörðu einum fætinum. En sá köttur var eigi sem þér sýndist. Pat var Miðgarðsormr, er liggir um öll lönd, ok vannst honum varliga lengð til, at jörðina tæki sporðr ok höfuð, svá langt seildist þú upp, at skammt var þá til himins. En hitt var ok mikit undr um fangit, er þú stótt svá lengi við ok fellt eigi meir en á kné öðrum fæti, er þú fékkst við Elli, fyrir því at engi hefir sá orðit ok engi mun verða, ef svá gamall verðr, at elli bíðr, at eigi komi ellin öllum til falls. Ok er nú þat satt at segja, at vér munum skiljast, ok mun þá betr hváratveggju handar, at þér komit eigi oftár mik at hitta. Ek mun enn annat sinn verja borg mína með þvílíkum vélum eða öðrum, svá at ekki vald munuð þér á mér fá."

En er Þórr heyrði þessa tölu, greip hann til hamarsins ok bregðr á loft, en er hann skal fram reiða, þá sér hann þar hvergi Útgarða-Loka. Ok þá snýst hann aftr til borgarinnar ok ætlast þá fyrir at brjóta borgina. Þá sér hann þar völlu víða ok fagra, en enga borg. Snýst hann þá aftr ok ferr leið sína, til þess er hann kom aftr í Prúðvanga. En þat er satt at segja, at þá hafi hann ráðit fyrir sér at leita til, ef saman mætti bera fundi þeira Miðgarðsorms, sem síðar varð. Nú ætla ek engan kunna þér sannara at segja frá þessi ferð Þórs."

#### 48. Þórr reri á sæ með Hymi.

Þá mælti Gangleri: "Allmikill er fyrir sér Útgarða-Loki, en með vélum ok fjölkynngi ferr hann mjök, en þat má sjá, at hann er mikill fyrir sér, at hann átti hirðmenn þá, er mikinn mátt hafa, eða hvárt hefir Þórr ekki þessa heft?"

Hárr svarar: "Eigi er þat ókunnigt, þótt eigi sé fræðimenn, at Þórr leiðrétti þessa ferðina, er nú var frá sagt, ok dvaldist ekki lengi heima, áðr hann bjóst svá skyndiliga til ferðarinnar, at hann hafði eigi reið ok eigi hafrana ok ekki fóruneyti. Gekk hann út of Miðgarð svá sem ungr drengr ok kom einn aftan at kveldi til jötuns nökkurs. Sá er Hymir nefndr. Þórr dvaldist þar at gistingu of nóttina.

En í dagan stóð Hymir upp ok klæddist ok bjóst at róa á sæ til fiskjar, en Þórr spratt upp ok varð skjótt búinn ok bað, at Hymir skyldi hann láta róa á sæ með sér, en Hymir segir, at lítill liðsemð myndi at honum vera, er hann var lítill ok ungmenni eitt - "ok mun þik kala, ef ek sit svá lengi ok útarliga sem ek em vanr."

En Þórr sagði, at hann myndi róa mega fyrir því langt frá landi, at eigi var víst, hvárt hann myndi fyrr beiðast at róa útan, ok reiddist Þórr jötuninum svá, at þá var búit, at hann myndi þegar láta hamarinn skjalla honum, en hann lét þat við berast, því at hann hugðist þá at reyna afl sitt í öðrum stað. Hann spurði Hymi hvat, þeir skyldu hafa at beitum, en Hymir bað hann fá sér sjálfan beitur.

Þá snerist Þórr á braut þangat, er hann sá öxnaflokk nökkurn, er Hymir átti. Hann tók inn mesta uxann, er Himinhjór hét, ok sleit af höfuðit ok fór með til sjávar. Hafði þá Hymir út skotit nökkvanum. Þórr gekk á skipit ok settist í austrúm, tók tvær árar ok reri, ok þótti Hymi skriðr verða af röðri hans. Hymir reri í hálsinum fram, ok sóttist skjótt röðrinn. Sagði þá Hymir, at þeir váru komnir á þær vastir, er hann var vanr at sitja ok draga flata fiska, en Þórr kveðst vilja róa miklu lengra, ok tóku þeir enn snertiróðr. Sagði Hymir þá, at þeir váru komnir svá langt út, at hætt var at sitja útar fyrir Miðgarðsormi, en Þórr kveðst myndu róa enn um hríð, ok svá gerði hann, en Hymir var þá allókátr.

En þá er Þórr lagði upp árnar, greiddi hann til vað heldr sterkjan, ok eigi var öngullinn minni eða óramligri. Þar lét Þórr koma á öngullinn uxahöfuðit ok kastaði fyrir borð, ok fór öngullinn til grunns, ok er þér þat satt at segja, at engu ginnti þá Þórr miðr Miðgarðsorm en Útgarda-Loki hafði spottat Þór, þá er hann hóf orminn upp á hendi sér. Miðgarðsormr gein yfir uxahöfuðit, en öngullinn vá í góminum orminum. En er ormrinn kenndi þess, brá hann við svá hart, at báðir hnefar Þórs skullu út at borðinu. Þá varð Þórr reiðr ok færðist í ásmegin, spyrndi við fast, svá at hann hljóp báðum fótum gegnum skipit ok spyrndi við grunni, dró þá orminn upp at borði. En þat má segja, at engi hefir sá sét allógurligar sjónir, er eigi mátti þat sjá, er Þórr hvessti augun á orminn, en ormrinn starði neðan í mót ok blés eitrinu. Þá er sagt, at jötunninn Hymir gerðist litverpr, fölnaði ok hræddist, er hann sá orminn ok þat er særinn féll út ok inn of nökkvanum. Ok í því bili, er Þórr greip hamarinn ok færði á loft, þá fálmaði jötunninn til agnsaxinu ok hjó vað Þórs á borði, en ormrinn sökkðist í sæinn. En Þórr kastaði hamrinum eftir honum, ok segja menn, at hann lysti af honum höfuðit við hrönnunum, en ek hygg hitt vera þér satt at segja, at Miðgarðsormr lifir enn ok liggir í umsjá. En Þór reiddi til hnefann ok setr við eyra Hymi, svá at hann steypðist fyrir borð, ok sér í iljar honum, en Þórr óð til lands."

#### 49. Dauði Baldrs ins góða.

Þá mælti Gangleri: "Hafa nökkur meiri tíðendi orðit með ásunum? Allmikit þrekvirki vann Þórr í þessi ferð."

Hárr svarar: "Vera mun at segja frá þeim tíðendum, er meira þótti vert ásunum. En þat er upphaf þeirar sögu, at Baldr inn góða dreyndi drauma stóra ok hættliga um líf sitt. En er hann sagði ásunum draumana, þá báru þeir saman ráð sín, ok var þat gert at beiða griða Baldri fyrir allskonar háska, ok Frigg tók svardaga til þess, at eira skyldu Baldri eldr ok vatn, járn ok alls konar málmr, steinar, jörðin, viðirnir, sóttimar, dýrin, fuglarnir, eitrit, ormarnir.

En er þetta var gert ok vítat, þá var þat skemmtun Baldrs ok ásanna, at hann skyldi standa upp á þingum, en allir aðrir skyldu sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjóti, en hvat sem at var gert, sakaði hann ekki, ok þótti þetta öllum mikill frami.

En er þetta sá Loki Laufeyjarson, þá líkaði honum illa, er Baldr sakaði ekki. Hann gekk til Fensalar til Friggjar ok brá sér í konu líki. Þá spyrr Frigg, ef sú kona vissi, hvat æsir höfðust at á þinginu. Hon sagði, at allir skutu at Baldri ok þat, at hann sakaði ekki.

Þá mælti Frigg: "Eigi munu vápn eða viðir granda Baldri. Eiða hefi ek þegit af öllum þeim."

Þá spyrr konan: "Hafa allir hlutir eiða unnit at eira Baldri?"

Þá svarar Frigg: "Vex viðarteinungr einn fyrir vestan Valhöll. Sá er mistilteinn kallaðr. Sá þótti mér ungr at krefja eiðsins."

Því næst hvarf konan á braut, en Loki tók mistiltein ok sleit upp ok gekk til þings. En Höðr stóð útarliga í mannhringnum, því at hann var blindr.

Þá mælti Loki við hann: "Hví skýtr þú ekki at Baldri?"

Hann svarar: "Því, at ek sé eigi, hvar Baldr er, ok þat annat, at ek em vápnlaus."

Þá mælti Loki: "Gerðu þó í líking annarra manna ok veit Baldri sæmð sem aðrir menn. Ek mun vísa þér til, hvar hann stendr. Skjót at honum vendi þessum."

Höðr tók mistiltein ok skaut at Baldri at tilvísun Loka. Flaug skotit í gegnum Baldr, ok féll hann dauðr til jarðar, ok hefir þat mest óhapp verit unnit með goðum ok mönnum.

Þá er Baldr var fallinn, þá féllust öllum ásum orðtök ok svá hendr at taka til hans, ok sá hverr til annars, ok váru allir með einum hug til þess, er unnit hafði verkit, en engi mátti hefna. Þar var svá mikill griðastaðr. En þá er æsir freistuðu at mæla, þá var hitt þó fyrr, at grátrinn kom upp, svá at engi mátti öðrum segja með orðunum frá sínum harmi. En Óðinn bar þeim mun verst þenna skaða sem hann kunnir mesta skyn, hversu mikil aftaka ok missa ásunum var í fráfalli Baldrs.

En er goðin vitkuðust, þá mælti Frigg ok spurði, hverr sá væri með ásum, er eignast vildi allar ástir hennar ok hylli ok vili hann ríða á helveg ok freista, ef hann fái fundit Baldr, ok bjóða Helju útlausn, ef hon vill láta fara Baldr heim í Ásgarð. En sá er nefndr Hermóðr inn hvati, sonr Óðins, er til þeirar farar varð. Þá var tekinn Sleipnir, hestr Óðins, ok leiddr fram, ok steig Hermóðr á þann hest ok hleypti braut.

En æsirir tóku lík Baldrs ok fluttu til sævar. Hringhorni hét skip Baldrs. Hann var allra skipa mestr. Hann vildu goðin fram setja ok gera þar á bálfor Baldrs, en skipit gekk hvergi fram. Þá var sent í Jötunheima eftir gýgi þeiri, er Hyrrokkin hét. En er hon kom ok reið vargi ok hafði höggorm at taumum, þá hljóp hon af hestinum, en Óðinn kallaði til berserki fjóra at gæta hestsins, ok fengu þeir eigi haldit, nema þeir felldi hann. Þá gekk Hyrrokkin á framstafn nökkvans ok hratt fram í fyrsta viðbragði, svá at eldr hraut ór hlunnunum ok lönd öll skulfu. Þá varð Þórr reiðr ok greip hamarinn ok myndi þá brjóta höfuð hennar, áðr en goðin öll báðu henni friðar. Þá var borit út á skipit lík Baldrs, ok er þat sá kona hans, Nanna Nepsdóttir, þá sprakk hon af harmi ok dó. Var hon borin á bálit ok slegit í eldi. Þá stóð Þórr at ok vígði bálit með Mjöllni. En fyrir fótum honum rann dvergr nökkurr; sá er Littr nefndr; en Þórr spyrndi fæti sínum á hann ok hratt honum í eldinn, ok brann hann. En þessa brennu sótti margs konar þjóð, fyrst at segja frá Óðni, at með honum fór Frigg ok valkyrjur ok hrafnar hans, en Freyr ok í kerru með galti þeim, er Gullinbursti heitir eða Slíðrugtanni, en Heimdallr reið hesti þeim, er Gulltoppr heitir, en Freyja ok köttum sínum. Þar kom ok mikit fólk hrímþursa ok bergrisar. Óðinn lagði á bálit gullhring þann, er Draupnir heitir. Honum fylgði sú náttúra, at ina níundu hverja nótt drupu af honum átta gullhringar jafnhöfgir. Hestr Baldrs var leiddr á bálit með öllu reiði.

En þat er at segja frá Hermóði, at hann reið níu nætr dökkva dala ok djúpa, svá at hann sá ekki, fyrr en hann kom til árinna Gjallar ok reið á Gjallarbrúna. Hon var þökd lýsigulli.

Móðguðr er nefnd mæsr sú, er gætir brúarinnar. Hon spurði hann at nafni eða at ætt ok sagði, at inn fyrri dag riðu um brúna fimm fylki dauðra manna - "en eigi dynr brúin minnr undir einum þér, ok eigi hefir þú lit dauðra manna. Hví ríðr þú hér á helveg?"

Hann svarar, at - "ek skal ríða til Heljar at leita Baldrs, eða hvárt hefir þú nakkvat sét Baldr á helvegi?"

En hon sagði, at Baldr hafði þar riðit um Gjallarbrú, "en niðr ok norðr liggir helvegur."

Þá reið Hermóðr, þar til er hann kom at helgrindum. Þá sté hann af hestinum ok gyrði hann fast, steig upp ok keyrði hann sporum, en hestrinn hljóp svá hart ok yfir grindina, at hann kom hvergi nær. Þá reið Hermóðr heim til hallarinnar ok steig af hesti, gekk inn í höllina, sá þar sitja í öndugi, Baldr bróður sinn, ok dvaldist Hermóðr þar um nóttina. En at morgni þá beiddist Hermóðr af Helju, at Baldr skyldi ríða heim með honum, ok sagði, hversu mikill grátr var með ásum.

En Hel sagði, at þat skyldi svá reyna, hvárt Baldr var svá ástsæll - "sem sagt er. Ok ef allir hlutir í heiminum, kykvir ok dauðir, gráta hann, þá skal hann fara til ása aftr, en haldast með Helju, ef nakkvarr mælir við eða vill eigi gráta."

Þá stóð Hermóðr upp, en Baldr leiddi hann út ór höllinni ok tók hringinn Draupni ok sendi Óðni til minja, en Nanna sendi Frigg rifti ok enn fleiri gjafar. Fullu fingrgull. Þá reið Hermóðr aftr leið sína ok kom í Ásgarð ok sagði öll tíðendi, þau er hann hafði séð ok heyrð. Því næst sendu æsir um allan heim erendreka at biðja, at Baldr væri grátinn ór helju, en allir gerðu þat, mennirnir ok kykvendin ok jörðin ok steinarnir ok tré ok allr málmr, svá sem þú munt sét hafa, at þessir hlutir gráta þá, er þeir koma ór frosti ok í hita.

Þá er sendimenn fóru heim ok höfðu vel rekit sín erendi, finna þeir í helli nökkurum, hvar gýgr sat. Hon nefndist Þökk. Þeir biðja hana gráta Baldr ór Helju. Hon segir:

54.  
"Þökk mun gráta  
þurru tárur  
Baldrs bálfarar;  
kyks né dauðs  
nautk-a ek Karls sonar,  
haldi Hel því, er hefir."

En þess geta menn, at þar hafi verit Loki Laufeyjarson, er flest hefir illt gert með ásum."

## 50. Loki bundin.

Þá mælti Gangleri: "Allmiklu kom Loki á leið, er hann olli fyrst því, er Baldr var veginn, ok svá því, er hann varð eigi leystur frá helju. Eða hvárt varð honum þessa nakkvat hefnt?"

Hárr segir: "Goldit var honum þetta, svá at hann mun lengi kennast. Þá er goðin váru orðin honum svá reið sem ván var, hljóp hann á braut ok fal sik á fjalli nökkuru, gerði þar hús ok fjórar dyrr, at hann mátti sjá ór húsinu í allar ættir, en oft um daga, brá hann sér í laxlíki ok falst þá þar, sem heitir Fránangrsfoss. Þá hugsaði hann fyrir sér, hverja vél æsir mundu til finna at taka hann í forsinum. En er hann sat í húsinu, tók hann língarn ok reið á ræksna, svá sem net er síðan gert, en eldr brann fyrir honum.

Þá sá hann, at æsir áttu skammt til hans, ok hafði Óðinn sét ór Hliðskjálfinni, hvar hann var. Hann hljóp þegar upp ok út í ána, en kastaði netinu fram á eldinn. En er æsir koma til hússins, þá gekk sá fyrst inn, er allra var vitrastr, er Kvasir heitir, ok er hann sá á eldinum fölskvann, er netit hafði brunnit, þá skildi hann, at þat myndi vél vera til at taka fiska, ok sagði ásunum. Því næst tóku þeir ok gerðu sér net eftir því, sem þeir sá á fölskvanum, at Loki hafði gert. Ok er búit var netit, þá fara æsir til árinna ok kasta neti í forsin. Hélt Þórr öðrum netshálsi, en öðrum héldu allir æsir ok drógu netit, en Loki fór fyrir ok leggst niðr í milli steina tveggja. Drógu þeir netið yfir hann ok kenndu, at kykt var fyrir, ok fara í annat sinn upp til forsins ok kasta út netinu ok binda við svá þungt, at eigi skyli undir mega fara. Ferr þá Loki fyrir netinu. En er hann sér, at skammt var til sævar þá hleypr hann upp yfir þinulinn ok rennir upp í forsinn. Nú sá æsirnir, hvar hann fór, fara enn upp til forsins ok skipta liðinu í tvá staði, en Þórr veðr eftir miðri ánni, ok fara svá út til sævar. En er Loki sér tvá kosti, var þat lífsháski at hlaupa á sæinn, en hinn var annarr at hlaupa enn yfir netit, ok þat gerði hann, hljóp sem snarast yfir netþinulinn. Þórr greip eftir honum ok tók um hann, ok renndi hann í hendi honum, svá at staðar nam höndin við sporðinn, ok er fyrir þá sök laxinn aftrmjór.

Nú var Loki tekinn gríðalauss ok farit með hann í helli nökkurn. Þá tóku þeir þrjár hellur ok settu á egg ok lustu rauf á hellunni hverri. Þá váru teknir synir Loka, Váli ok Nari eða Narfi. Brugðu æsir Vála í vargslíki ok reif hann í sundr Narfa, bróður sinn. Þá tóku æsir þarma hans ok bundu Loka með yfir þá þrjá eggsteina. Stendr einn undir herðum, annarr undir lendum, þriðri undir knésbótum, ok urðu þau bönd at járn. Þá tók Skaði eitrosm ok festi upp yfir hann, svá at eitrit skyldi drjúpa ór orminum í andlit honum, en Sigyn, kona hans, stendr hjá honum ok heldr mundlaug undir eitrdropa. En þá er um mundlaugin, þá gengr hon ok slær út eitrinu, en meðan drýpr eitrit í andlit honum. Þá kippist hann svá hart við, at jörð öll skelfr. Þat kallið þér landskjálfta. Þar liggr hann í böndum til ragnaröks."

## 51. Frá ragnarökum.

Þá mælti Gangleri: "Hver tíðendi eru at segja frá um ragnarök? Þess hef ek eigi fyrr heyrt getit."

Hárr segir: "Mikil tíðendi eru þaðan at segja ok mörg, þau in fyrstu, at vetr sá kemr, er kallaðr er fimbulvetr. Þá drífr snær ór öllum áttum. Frost eru þá mikil ok vindar hvassir. Ekki nýtr sólar. Þeir vetr fara þrír saman ok ekki sumar milli, en áðr ganga svá aðrir þrír vetr, at þá er um alla veröld orrostur miklar. Þá drepast bræðr fyrir ágirnir sakar, ok engi þyrmir föður eða syni í manndrápum eða sífjaslitu. Svá segir í Völuspá:

55.  
Bræðr munu berjask  
ok at bönum verðask,  
munu systrungar  
sífjum spilla;  
hart er með höldum,  
hórdómr mikill,  
skeggjöld, skalmöld,  
skildir klofnir,  
vindöld, vargöld,  
áðr veröld steypisk.

Þá verðr þat, er mikil tíðendi þykkja, at úlfrinn gleypir sólna, ok þykkir mönnum þat mikit mein. Þá tekr annarr úlfrinn tunglit, ok gerir sá ok mikit ógagn. Stjörnurnar hverfa af himninum. Þá er ok þat til tíðenda, at svá skelfr jörð öll ok björg, at viðir losna ór jörðu upp, en björgin hrynja, en fjótrar allir ok bönd brotna ok slitna. Þá verðr Fenrisúlfr lauss. Þá geysist hafit á löndin, fyrir því at þá snýst Miðgarðsormr í jötunmóð ok sækir upp á landit. Þá verðr ok þat, at Naglfar losnar, skip þat, er svá heitir. Þat er gert af nöglum dauðra manna, ok er þat fyrir því varnanar vert, ef maðr deyr með óskornum nöglum, at sá maðr eykr mikit efni til skipsins Naglfars, er goðin ok menn vildi seint, at gert yrði. En í þessum sævargang flýtr Naglfar. Hrymr heitir jötunn, er stýrir Naglfari, en Fenrisúlfr ferr með gapandi munn, ok er inn neðri kjöftr við jörðu, en in efri við himin. Gapa myndi hann meira, ef rúm væri til. Eldar brenna ór augum hans ok nösom. Miðgarðsormr blæss svá eitrinu, at hann dreifir loft öll ok lög, ok er hann allógurligr, ok er hann á aðra hlið úlfinum. Í þessum gný klofnar himinninn, ok ríða þaðan Múspellssynir. Surtr ríðr fyrst ok fyrir honum ok eftir eldr brennandi. Sverð hans er gott mjök. Af því skínn bjartara en af sólu. En er þeir ríða Bifrost, þá brotnar hon, sem fyrr er sagt. Múspellsmeigr sækja fram á þann völl, er

Vígríðr heitir. Þar kemr ok þá Fenrisúlfr ok Miðgarðsormr. Þar er ok þá Loki kominn ok Hrymr ok með honum allir hrímþursar, en Loka fylgja allir Heljarsinnar. En Múspellssynir hafa einir sér fylking, ok er sú björt mjök. Völlrinn Vígríðr er hundrað rasta víðr á hvern veg.

En er þessi tíðendi verða, þá stendr upp Heimdallr ok blæss ákafliga í Gjallarhorn ok vekr upp öll goðin, ok eiga þau þing saman. Þá ríðr Óðinn til Mímisbrunnis ok tekr ráð af Mími fyrir sér ok sínu liði. Þá skelfr askr Yggdrasils, ok engi hlutr er þá óttalauss á himni eða jörðu. Æsir hervæða sik ok allir Einherjar ok sækja fram á völlum. Ríðr fyrstr Óðinn með gullhjálminn ok fagra brynju ok geir sinn, er Gungnir heitir. Stefnir hann móti Fenrisúlfr, en Þórr fram á aðra hlið honum, ok má hann ekki duga honum, því at hann hefir fullt fang at berjast við Miðgarðsorm. Freyr berst móti Surti, ok verðr harðr samgangr, áðr Freyr fellr. Þat verðr hans bani, er hann missir þess ins góða sverðs, er hann gaf Skírni. Þá er ok lauss orðinn hundrinn Garmr, er bundinn er fyrir Gniphelli. Hann er it mesta forað. Hann á víg móti Tý, ok verðr hvárr öðrum at bana. Þórr berr banaorð af Miðgarðsormi ok stígr þaðan braut níu fet. Þá fellr hann dauðr til jarðar fyrir eitri því, er ormrinn blæss á hann. Úlfrinn gleypir Óðin. Verðr þat hans bani. En þegar eftir snýst fram Víðarr ok stígr öðrum fæti í neðra kjöft úlfsins. Á þeim fæti hefir hann þann skó, er allan aldr hefir verit til samnat. Þat eru bjórar þeir, er menn sníða ór skóm sínum fyrir tám eða hæli. Því skal þeim bjórum braut kasta sá maðr, er at því vill hyggja at koma ásunum at liði. Annarri hendi tekr hann inn efra kjöft úlfsins ok rífr sundr gin hans, ok verðr þat úlfsins bani. Loki á orrostu við Heimdall, ok verðr hvárr annars bani. Því næst slyngr Surtr eldi yfir jörðina ok brennir allan heim. Svá er sagt í Völuspá:

56.  
Hátt blæss Heimdallr,  
horn er á lofti,  
mælir Óðinn  
við Míms höfuð;  
skelfr Yggdrasils  
askr standandi,  
ymr it alda tré,  
en jötunn losnar.

57.  
Hvat er með ásum?  
Hvat er með alfum?  
Ymr allr Jötunheimr,  
æsir ro á þingi,  
stynja dvergar  
fyrir steindurum,  
veggbergs vísir.  
Vituð ér enn eða hvat?

58.  
Hrymr ekr austan,  
hefisk lind fyrir,  
snýsk Jörmungandr  
í jötunmóði;  
ormr knýr unnir,  
örn mun hlakka,  
slítr nái niðfölr,  
Naglfar losnar.

59.  
Kjóll ferr austan,  
koma munu Múspells  
of lög lýðir,  
en Loki stýrir;  
þar eru fíflmegir  
með freka allir,  
þeir er bróðir  
Býleists í för.

60.  
Surtr ferr sunnan  
með sviga lævi,  
skínn af sverði  
sól valtíva;  
grjótbjörg gnata,  
en gífr rata,  
troða halir helveg,  
en himinn klofnar.

61.  
Þá kemr Hlínar  
harmr annarr fram,  
er Óðinn ferr  
við ulf vega,  
en bani Belja  
bjartr at Surti;  
þar mun Friggjar  
falla angan.

62.  
 Gengr Óðins sonr  
 við ulf vega,  
 Víðarr of veg  
 at valdýri;  
 lætr hann megi Hveðrungs  
 mund of standa  
 hjör til hjarta;  
 þá er heft fœður.

63.  
 Gengr inn mæri  
 mögr Hlöðynjar  
 neppr af naðri  
 níðs ókvíðnum;  
 munu halir allir  
 heimstöð ryðja,  
 er af móði drepr  
 Miðgarðs véurr.

64.  
 Sól mun sortna,  
 sökkr fold í mar,  
 hverfa af himni  
 heiðar stjörnur,  
 geisar eimi  
 ok aldmari,  
 leikr hár hiti,  
 við himin sjalfan.

Hér segir enn svá:

65.  
 Vígríðr heitir völlr,  
 er finnask vígi at  
 Surtr ok in svásu goð;  
 hundrað rasta  
 hann er á hverjan veg;  
 sá er þeim völlr vitaðr."

## 52. Vistarverur eftir ragnarökr.

Þá mælti Gangleri: "Hvat verðr þá eftir, er brenndr er heimr allr ok dauð goðin öll ok allir Einherjar ok allt mannfólk? Ok hafið þér áðr sagt, at hverr maðr skal lifa í nökkurum heimi um allar aldir."

Þá svarar Priði: "Margar eru þá vistir góðar ok margar illar. Bazt er þá at vera á Gimlé á himni, ok allgott er til góðs drykkjar þeim, er þat þykkir gaman, í þeim sal, er Brimir heitir. Hann stendr á Ókólni. Sá er ok góðr salr, er stendr á Niðafjöllum, gerr af rauðu gulli. Sá heitir Sindri. Í þessum sölum skulu byggja góðir menn ok siðlátir. Á Náströndum er mikill salr ok illr, ok horfa norðr dyrr. Hann er ofinn allr ormahryggjum sem vandahús, en ormahöfuð öll vitu inn í húsit ok blása eitri, svá at eftir salnum renna eitrár, ok vaða þær ár eiðrofar ok morðvargar, svá sem hér segir:

66.  
 Sal veit ek standa  
 sólu fjarri  
 Náströndu á,  
 norðr horfa dyrr;  
 falla eitrdropar  
 inn um ljóra;  
 sá er undinn salr  
 orma hryggjum.

67.  
 Skulu þar vaða  
 þunga strauma  
 menn meinsvara  
 ok morðvargar.

En í Hvergelmi er verst:

Þar kveir Níðhöggr  
 nái framgengna."

## 53. Hverir lifa af ragnarökr

Þá mælti Gangleri: "Hvært lifa nokkur goðin þá, eða er þá nokkur jörð eða himinn?"

Hárr segir: "Upp skýr jörðunni þá ór sænum ok er þá græn ok fögr. Vaxa þá akrar ósánir. Víðarr ok Váli lifa, svá at eigi hefir særinn ok Surtalogi grandat þeim, ok byggja þeir á Iðavelli, þar sem fyrr var Ásgarðr, ok þar koma þá synir Þórs, Móði ok Magni, ok hafa þar Mjöllni. Því næst koma þar Baldr ok Höðr frá Heljar, setjast þá allir samt ok talast við ok minnast á rúnar sínar ok ræða of tíðendi þau, er fyrrum höfðu verit, of Miðgarðsorm ok um Fenrisúlfr. Þá finna þeir í grasinu gulltöflur þær, er æsirnir höfðu átt. Svá er sagt:

68.  
 Víðarr ok Váli  
 byggva vé goða,  
 þá er sortnar Surtalogi;  
 Móði ok Magni  
 skulu Mjöllni hafa  
 Vingnis at vígþroti.

En þar, sem heitir Hoddmímisholt, leynast menn tveir í surtalogi, er svá heita, Líf ok Leifþrasir, ok hafa morgindöggvar fyrir mat, en af þessum mönnum kemr svá mikil kynslóð, at byggvist heimr allr, svá sem hér segir:

69.  
 Líf ok Leifþrasir,  
 en þau leynask munu  
 í holti Hoddmímis;  
 morgindöggvar  
 þau at mat hafa,  
 en þaðan af aldir alask.

Ok hitt mun þér undarligt þykkja, er sólin hefir getit dóttur eigi ófegri en hon er, ok ferr sú þá stigu móður sinnar, sem hér segir:

70.  
 Eina dóttur  
 berr alfröðull,  
 áðr hana fenrir fari;  
 sú skal ríða,  
 er regin deyja,  
 móður brautir mæ.

En ef þú kannt lengra fram at spyrja, þá veit ek eigi, hvaðan þér kemr þat, fyrir því at engan mann heyrða ek lengra segja fram aldarfarit, ok njóttu nú sem þú namt."

#### 54. Frá Ganglera.

Því næst heyrði Gangleri dyni mikla hvern veg frá sér ok leit út á hlið sér. Ok þá er hann sést meir um, þá stendr hann úti á sléttum velli, sér þá enga höll ok enga borg. Gengr hann þá leið sína braut ok kemr heim í ríki sitt ok segir þau tíðendi, er hann hefir sét ok heyrt, ok eftir honum sagði hverr maðr öðrum þessar sögur.

En æsir setjast þá á tal ok ráða ráðum sínum ok minnast á þessar frásagnir allar, er honum váru sagðar, ok gefa nöfn þessi in sömu, er áðr váru nefnd, mönnum ok stöðum þeim, er þar váru, til þess, at þá er langar stundir liði, at menn skyldu ekki ifast í, at allir væru einir þeir æsir, er nú var frá sagt, ok þessir, er þá váru þau sömu nöfn gefin. Þar var þá Þórr kallaðr, ok er sá Ása-Þórr inn gamli.